

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2008/EES/43/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 125/06/COL frá 3. maí 2006 um Orkusjóð Noregs . . .	1
2008/EES/43/02		Auglýsing norskra stjórnvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Auglýst eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu – Úthlutun leyfa á fyrirframskilgreindum svæðum árið 2008	34
2008/EES/43/03		Auglýsing norskra stjórnvalda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Auglýst eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu – 20. leyfisúthlutunarloti	34
2008/EES/43/04		Tilkynning um beiðni samkvæmt 30. gr. tilskipunar 2004/17/EB – Beiðni frá EFTA-ríki sem á aðild að EES	35
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2008/EES/43/05		Breytingar á starfsreglum EFTA-dómstólsins – Samþykktar af dómstólnum 20. september 2007 og staðfestar af ríkisstjórnnum EFTA-ríkjanna	36
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2008/EES/43/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5154 – CASC JV) . . .	40

2008/EES/43/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5193 – Schlumberger/First Reserve/Saxon) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	41
2008/EES/43/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5199 – De Weide Blik/Atlanta)	42
2008/EES/43/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5202 – Triton/Altor/Papyrus Group) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	43
2008/EES/43/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5213 – Total/Sonatrach/JVs) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	44
2008/EES/43/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5217 – GEFA/PEMA)	45
2008/EES/43/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5227 – Robert Bosch/Samsung/JV)	46
2008/EES/43/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5231 – Bain Capital/D&M) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	47
2008/EES/43/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5240 – GE/GMT/Bigpoint) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	48
2008/EES/43/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5256 – Burani/3i/APB) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	49
2008/EES/43/16	Yfirlit um bandalagsákvæðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. apríl 2008 til 30. apríl 2008 - ákvæðanirnar teknar samkvæmt 34. gr. tilskipunar 2001/83/EB eða 38. gr. tilskipunar 2001/82/EB.	50

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2008/EES/43/01

125/06/COL

frá 3. maí 2006

um Orkusjóð Noregs

(NOREGUR)

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA ⁽¹⁾ HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ⁽²⁾, einkum 61. til 63. gr. og bókun 26,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls ⁽³⁾, einkum 24. gr.,

með hliðsjón af 2. mgr. 1. gr. I. hluta og 4. mgr. 4. gr., 6. gr., 2., 3., 4. og 5. mgr. 7. gr. og 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls,

með hliðsjón af leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA ⁽⁴⁾ um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins, einkum 15. kafla um aðstoð á sviði umhverfisverndar,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 um að hrinda í framkvæmd ákvæðunum sem um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

eftir að hafa leitað eftir athugasemdum hagsmunaaðila í samræmi við þessi ákvæði ⁽⁵⁾ og að teknu tilliti til athugasemda þeirra,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1. Málsmeðferð

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu frá 5. júní 2003, sem hafði að geyma bréf olíu og orkumálaráðuneytisins, dagsett 4. júní 2003, en bæði bréfin bárust Eftirlitsstofnun EFTA 10. júní 2003 (skjalnr. 03-3705-A, skráð sem mál SAM 030.03006), tilkynntu stjórnvöld í Noregi breytingu á tveimur gildandi aðstoðarkerfum, þ.e. „Áætlun um styrki til að innleiða nýja orkutækni“ og „Upplýsingastarf og fræðsla á sviði orkusparnaðar“, í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Með bréfi dagsettu 16. júní 2003 (skjalnr. 03-3789-D) tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi að þar sem kerfið hefði verið komið til framkvæmda 1. janúar 2002, þ.e. áður en

⁽¹⁾ [Á ekki við í íslensku þýðingunni.]

⁽²⁾ Nefnist hér „EES-samningurinn“.

⁽³⁾ Nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“.

⁽⁴⁾ Leiðbeiningar um beitingu og túlkun 61. og 62. gr. EES-samningsins og 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól sem Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti 19. janúar 1994 og birtar voru í Stjtið. EB L 231, 3.9.1994, bls. 1 og í EES-viðbæti nr. 32. bls. 1. Leiðbeiningunum var síðast breytt 19. apríl 2006. Nefnast hér „leiðbeiningar um ríkisaðstoð“.

⁽⁵⁾ Stjtið ESB C 196, 11.8.2005, bls. 5.

það var tilkynnt, yrði farið með það sem „ólöglega aðstoð“ í skilningi 6. kafla málsmeðferðar- og efnisreglna eftirlitsstofnunarinnar á sviði ríkisaðstoðar ⁽⁶⁾.

Eftir nokkur bréfaskipti ⁽⁷⁾ tilkynnti Eftirlitsstofnun EFTA stjórnvöldum í Noregi, með bréfi dagsettu 18. maí 2005, að hún hefði ákveðið að hefja athugun á Orkusjóði Noregs samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 122/05/COL um að hefja málsmeðferð var birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau ⁽⁸⁾. Eftirlitsstofnun EFTA auglýsti eftir athugasemdum við ákvörðunina. Ein athugasemd barst. Stofnunin framsendi stjórnvöldum í Noregi athugasemdina til umsagnar með bréfi dagsettu 27. september 2005 (skráningarnr. 335569).

Með bréfi sendiráðs Noregs gagnvart Evrópusambandinu dagsettu 15. júlí 2005, sem hafði að geyma bréf nývæðingarráðuneytisins dagsett 15. júlí 2005 og bréf olíu- og orkumálaráðuneytisins dagsett 11. júlí 2005, lögðu stjórnvöld í Noregi fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn. Bréfin bárust og voru skráð hjá stofnuninni 19. júlí 2005 (skráningarnr. 327172).

Stjórnvöld í Noregi lögðu fram nánari upplýsingar, m.a. skýrslu frá sérfræðifyrirtækinu First Securities, 6. október 2005 (skráningarnr. 345642). Fundur stjórnvalda í Noregi og Eftirlitsstofnunar EFTA var haldinn 11. október 2005. Stjórnvöld í Noregi lögðu fram frekari upplýsingar í tölvupósti 18. nóvember 2005 (skráningarnr. 350637). Fundur með stjórnvöldum í Noregi var haldinn 13. febrúar 2006. Stjórnvöld í Noregi lögðu fram nánari upplýsingar 8. mars 2006 (skráningarnr. 365788).

2. Lýsing á stuðningsráðstöfunum Orkusjóðs

Með tilkynningu sinni boðuðu stjórnvöld í Noregi breytingar á tveimur gildandi aðstoðarkerfum á sviði orkumála sem hafa verið starfrækt frá 1978/79 undir stjórn vatns- og orkumálastofnunar Noregs, NVE (*Norges vassdrags- og energidirektorat*). Annað kerfið var „Áætlun um styrki til að innleiða nýja orkutækni“, en með því styrktu stjórnvöld í Noregi fjárfestingar í tækni á sviði endurnýjanlegrar orku. Hitt kerfið, „Upplýsingastarf og fræðsla á sviði orkusparnaðar“, sneri að styrkjum til kynningarstarfs og námskeiðahalds til að auka þekkingu á orkunýtni í iðnfyrirtækjum, verslunum og á heimilum. Kerfin voru fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði. Mikilvægustu breytingarnar, sem tilkynntar voru á þessum kerfum, voru þessar:

- 2.1 Kerfin voru sameinuð undir nafni nýrrar stofnunar, Orkusjóðs.
- 2.2 Komið var á nýrri tilhögun fjármögnunar á kerfunum með því að nota auk framlaga úr ríkissjóði tekjur af gjaldi sem reiknað er af taxa raforkudreifingarfyrtækja ⁽⁹⁾ fyrir allar ráðstafanir sem Enova styrkir.
- 2.3 Stjórnsýsla Orkusjóðs færðist til nýrrar stofnunar, Enova. Þá hafa ný ákvæði verið samþykkt og samningur gerður milli norska ríkisins og Enova. Þessi nýju ákvæði eiga að tryggja að stuðningsráðstafanirnar nái nýskilgreindum markmiðum orkumálastefnu.

Nánar um 2.1 Sameining tveggja aðstoðarkerfa

Hinn 1. janúar 2002 var Orkusjóður stofnaður og kerfin tvö, sem um getur hér á undan, sameinuð undir hans nafni. Orkusjóður þjónar því hlutverki að fjármagna stuðningsráðstafanir sem viðhaldið er samkvæmt hinni nýju tilhögun.

⁽⁶⁾ Ákvæði 6. kafla voru síðar felld brott samkvæmt ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004. Skilgreiningu á ólöglegri aðstoð er nú að finna í staflíð f) í 1. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽⁷⁾ Sjá nánari upplýsingar um hin margvíslegu bréfaskipti stjórnvalda í Noregi og Eftirlitsstofnunar EFTA í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 122/05/COL, sjá 5. nmgr.

⁽⁸⁾ Sjá 5. nmgr.

⁽⁹⁾ Að sögn stjórnvalda í Noregi var þetta gjald tekið upp á síðasta áratug 20. aldarinnar þegar raforkumarkaðurinn var gefinn frjáls. Fyrir 2002 notuðu raforkudreifingarfyrtækin gjaldið til að greiða kostnað sinn við að kynna orkunýtni.

Nánar um 2.2 Ný tilhögun á fjármögnun Orkusjóðs

Gildandi aðstoðarkerfi voru fjármögnuð með framlögum úr ríkissjóði en hinn nýstofnaði Orkusjóður hefur, auk framlaga úr ríkissjóði, tekjur af gjaldi sem er reiknað af taxa raforkudreifingarfyrtækja (ekki gjaldtaka af sjálfri orkuframleiðslunni).

Kveðið er á um þessa gjaldtöku í reglugerð olíu- og orkumálaráðuneytisins um Orkusjóð frá 10. desember 2001⁽¹⁰⁾. Samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar, sbr. staflíð a) í 2. gr., skal hvert það fyrirtæki, sem fengið hefur leyfi í samræmi við gr. 4-1 í orkulögum⁽¹¹⁾ (*omsetningskonesjonær*), innheimta aukagjald sem nemur einum eyri á kílóvattstund (hækkun 1. júlí 2004 úr 0,3 auru/kWh) þegar það gerir endanlegum notanda reikning fyrir notkun á raforku af dreifikerfinu (sjá einnig gr. 4-4 í orkulögum).

Leyfishafi skal síðan greiða framlag til Orkusjóðs sem nemur 1 eyri/kWh margfaldað með magni þeirrar orku sem endanlegum notanda í dreifikerfinu er gerður reikningur fyrir. Eins og sést í töflunni í undirkafla I.7 hefur Orkusjóður í vaxandi mæli verið fjármagnaður með gjaldtökunni einni saman. Þetta kemur þó ekki í veg fyrir að Orkusjóður geti fengið bein framlög úr ríkissjóði framvegis.

Nánar um 2.3 Stjórnun Enova á Orkusjóðnum

Hinn 22. júní 2001 var Enova SF komið á fót⁽¹²⁾. Enova er ný stjórnslustofnun, skipulögð sem ríkisfyrirtæki (*statsforetak*, SF)⁽¹³⁾. Hún er í eigu norska ríkisins undir forræði olíu- og orkumálaráðuneytisins. Enova hefur starfað frá 1. janúar 2002, þ.e. frá því Orkusjóði var komið á fót.

Meginhlutverk Enova er að hrinda í framkvæmd styrktarkerfum sem Orkusjóðurinn hefur umsjón með og ná þeim markmiðum á sviði orkumála sem norska þingið samþykkti árið 2000. Þetta meginhlutverk er skilgreint í samningi norska ríkisins (olíu- og orkumálaráðuneytisins) og Enova SF (hér á eftir kallaður „samningurinn“)⁽¹⁴⁾. Samkvæmt því sem fram hefur komið af hálfu Enova hefur stofnun Enova SF í för með sér „breytingu á skipulagi og framkvæmd stefnu norska ríkisins á sviði orkunýtni og endurnýjanlegrar orku“.

3. Grundvöllur í landslögum fyrir stuðningsráðstöfununum

Grundvöllur í landslögum fyrir stuðningsráðstöfununum er samþykki þingsins frá 5. apríl 2001⁽¹⁵⁾ á frumvarpi sem olíu- og orkumálaráðuneytið lagði fram 21. desember 2000⁽¹⁶⁾ til breytinga á orkulögum frá 29. júní 1990 nr. 50 (*Energiloven*). Meginverkefni Enova eru skilgreind í fyrrnefndum samningi ráðuneytisins við Enova.

Nýlega samþykkt reglugerð nr. 1377 frá 10. desember 2001 skiptir ennfremur máli að því er varðar tekjur af gjaldi sem er reiknað af taxa raforkudreifingarfyrtækja (*Forskrift om innbetaling av påslag på nettariften til Energifondet*). Reglugerð um Orkusjóð (*Vedtekter for energifondet*) setur Orkusjóð undir olíu- og orkumálaráðuneytið og kveður á um að Enova skuli fara með stjórnslu hans.

4. Markmið stuðningsráðstöfunarinnar

Tilgangur þess að sameina kerfin í hinum nýstofnaða Orkusjóði og setja stjórnslustofnunina Enova á fót var að ýta undir kostnaðarhagkvæmni í opinberri fjármögnun á orkusparnaðarráðstöfunum og framleiðslu á umhverfisvænni orku. Enova og Orkusjóður áttu að ná hinum nýju markmiðum í orkumálum sem samþykkt voru af þinginu⁽¹⁷⁾.

⁽¹⁰⁾ *Forskrift om innbetaling av påslag på nettariften til Energifondet* (reglugerð um greiðslu gjalds til Orkusjóðs sem reiknað er af taxa raforkudreifingarfyrtækja).

⁽¹¹⁾ *Lov av 29. juni 1990 nr. 50 om produksjon, omforming, overføring, omsetning og fordeling av energi m.m., energiloven*.

⁽¹²⁾ Upphaflegar hugmyndir um stofnun miðlægrar stofnunar til að annast ráðstafanir tengdar orkunýtni höfðu þegar verið kynntar af sérfræðinganefnd árið 1998, NOU 1998:11. Stjórnvöld í Noregi tóku þessa hugmynd upp í hvítbók, St.meld. nr. 29 (1998–99). Breytingin úr NVE í Orkusjóð var að lokum lögð fram með ríkisfjárlögum fyrir 2001, St.prp. nr. 1 (2000–2001).

⁽¹³⁾ *Lov av 30. august 1991 om statsforetak*.

⁽¹⁴⁾ Undurskodaður samningur frá 22. september 2004, *Avtale mellom den norske stat v/Olje- og energidepartementet og Enova SF om forvaltningen av midlene fra Energifondet i perioden 2002–2005*.

⁽¹⁵⁾ *Odelstingets vedtak til lov om endringar i lov 29. juni 1990 nr. 50 om produksjon, omforming, overføring, omsetning og fordeling av energi m.m. (energilova)*. (Besl.O. nr. 75 (2000–2001), sbr. Innst.O. nr. 59 (2000–2001) og Ot.prp. nr. 35 (2000–2001)).

⁽¹⁶⁾ Ot.prp. nr. 35 (2000–2001).

⁽¹⁷⁾ Sjá 15. nmgr.

Samkvæmt samningnum, sem um getur hér á undan, skal orkusparnaður og ný vistvæn orka samanlagt nema a.m.k. 12 TWh fyrir árslok 2010 og þar af skulu

- a.m.k. 4 TWh koma frá auknu aðgengi að vatnshitaveitu sem byggist á nýjum endurnýjanlegum orkugjöfum, hitadælum og varmahitun, og
- a.m.k. 3 TWh koma frá aukinni notkun á vindorku.

Í samningnum er einnig kveðið á um það markmið að tekjur sjóðsins eigi að stuðla að orkusparnaði og nýrri vistvænni orku sem samanlagt skal nema a.m.k. 5,5 TWh (upphaflega 4,5 TWh) fyrir árslok 2005. Með því að styrkja nýja endurnýjanlega orku og stuðla að frekari orkusparnaði vilja stjórnvöld í Noregi einnig verða óháðari þeim orkugjöfum sem er mest notaður til að framleiða raforku, þ.e. vatnsorku. Tölurnar hér á eftir, sem stjórnvöld í Noregi sendu, sýna í hve ríkum mæli Noregur treystir á vatnsorku þrátt fyrir aukna notkun vindorku og varmaraforku á síðastliðnum árum.

Tafla 1

**Framleiðsla, notkun, innflutningur og útflutningur á raforku í Noregi í GWh
á árunum 2000–2005**

	2000	2001	2002	2003	2004	Jan–maí 2005
Heildarframleiðsla	142 816	121 608	130 473	107 273	110 427	60 976
Vatnsafl	142 289	121 026	129 837	106 101	109 280	Ótilgreint
Vindorka	31	27	75	220	260	Ótilgreint
Varmaraforka	496	555	561	952	887	Ótilgreint
Notkun	123 761	125 206	120 762	115 157	121 919	56 665
Innflutningur	1 474	10 760	5 334	13 471	15 334	1 923
Útflutningur	20 529	7 162	15 045	5 587	3 842	6 234
Hreinn innflutningur	–19 055	3 598	–9 711	7 884	11 492	–4 311
Hreinn innflutningur/notkun	0,0%	2,9%	0,0%	6,8%	9,4%	0,0%
Hreinn útflutningur/notkun	15,4%	0,0%	8,0%	0,0%	0,0%	7,6%

5. Kerfi Orkusjóðs eins og það var tilkynnt

5.1 Almenn um Orkusjóð

Enova er heimilt að veita fjárfestingarstyrk til orkusparnaðarkerfa og til framleiðslu og notkunar endurnýjanlegra orkugjöfa sem og aðstoð vegna stofnfjárfestinga í nýrri orkutækni.

Styrkupphæð miðast við tæknilegt og fjárhagslegt mat á hverju verkefni. Þau verkefni hafa forgang þar sem flestar kílóvattstundir (kWh) sparast eða eru framleiddar á hverja niðurgreidda norska krónu. Þetta leiðir til þess að verkefni keppa um opinbera styrki og er markmiðið að velja þau verkefni sem skila mestri hagkvæmni.

Auglýst er eftir tillögum að verkefni í helstu lands- og héraðsfréttablöðum a.m.k. tvisvar á ári og fyrir flest verkefni fjórum sinnum á ári.

5.2 Endurnýjanleg orka

Styrkhæf verkefni

Að því er varðar fjárfestingarstyrki til framleiðslu og notkunar á endurnýjanlegri orku styður Noregur orkuverkefni sem eru skilgreind í 2. gr. tilskipunar 2001/77/EB⁽¹⁸⁾ sem endurnýjanlegir orkugjöfar (sjá 7. mgr. leiðbeininga Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð á sviði

⁽¹⁸⁾ Stjórn EB L 283, 27.10.2001, bls. 33. Tilskipunin hefur ekki verið felld inn í EES-samninginn.

umhverfisverndar, hér á eftir kallaðar „umhverfisverndarleiðbeiningarnar“, sem ná til vindorku, sólarorku, jarðvarmaorku, öldu- og sjávarfallaorku og raforkuvera með afkastagetu undir 10 MW sem og lífmassa). Vatnsorka, sem er eins og fram hefur komið hefðbundinn orkugjafi fyrir raforkuframleiðslu í Noregi, hefur fram til þessa ekki fengið neina styrki ⁽¹⁹⁾. Styrkir til að taka upp nýtingu á jarðgasi falla ekki undir Orkusjóð ⁽²⁰⁾.

Enova telur að eftirfarandi verkefni séu almennt styrkhæf: vindorka, líforka, sjávarfallaorka, jarðvarmaorka og ölduorka. Sólarorka tekur til óvirka byggingasamþættra lausna með sólarvarma, sólarupphitunarkerfa og framleiðslu með sólarorku (PV, sólarrafhlöður).

Að því er varðar hugtakið „líforka“ hafa stjórnvöld í Noregi útskýrt að það sé notað fyrir endurnýjanlega orku (raforku eða hita) sem *grundvallast* á lífmassa, eins og hann er skilgreindur í tilskipun 2001/77/EB. Líforka hefur víðari merkingu en lífmassi og tekur m.a. til verkefna þar sem lífmassa er umbreytt í raforku og/eða hita, gagnstætt lífmassaverkefnum sem eingöngu varða framleiðslu og vinnslu á sjálfum lífmassanum. Slík verkefni eru háð viðbótarfjárfestingu í auka- og álagsframleiðslugetu sem grundvallast á öðrum orkugjöfum. Fjárfestingarkostnaður í þessum verkefnum kann því ekki aðeins að taka til lífmassa heldur annarra orkugjafa auk lífmassa. Eftirlitsstofnun EFTA hefur skilning á því að svo kunni að háttá til að í líforku sé eingöngu brot af lífmassa.

Stjórnvöld í Noregi hafa skýrt frá því að hugmyndin um „notkun“ endurnýjanlegra orkugjafa taki til aðstæðna þar sem ráðist er í fjárfestingar í tengslum við innri framleiðslu, þar sem framleiðandinn og notandinn séu sami aðilinn (sem oft á sér stað þegar um hitaframleiðslu er að ræða).

Útreikningur á styrkjum – Aðferð við útreikning á hreinu núvirði

Enova reiknar styrki, sem hægt er að veita til verkefna, sem núvirtan mismun á ríkjandi framleiðslukostnaði verkefnis og rekstrartekjum sem miðast við markaðsverð viðkomandi orkugjafa. Með öðrum orðum er notast við hreinan núvirðisreikning (hér á eftir kölluð núvirðisaðferðin).

Markaðsverð fyrir viðkomandi orku

Við val á markaðsverði greina stjórnvöld í Noregi milli þriggja ólíkra aðstæðna:

Í fyrsta lagi meta þau tilvik þar sem endurnýjanleg orkuframleiðsla er mötuð inn í flutningskerfið og keppir því við hefðbundna raforkuframleiðslu eins og hún er skráð í orkukauphöllinni Nordpool. Þetta á við um vindorku, líforku, orku úr úrgangi, sólarorku, sjávarfallaorku og ölduorku og er verðið, sem skráð er í Nordpool, haft til viðmiðunar. Í orkukauphöllinni Nordpool er hægt að skoða bæði stundarverð og framvirkt verð fyrir allt að þrjú ár. Þar sem fjárfestingar grundvallast á væntingum um raforkuverð í framtíðinni notar Enova framvirka samninga, sem dagleg viðskipti eru með, við útreikninginn. Til þess að útiloka tilviljunarkenndar verðsveiflur er notað meðaltal framvirkra samninga sem viðskipti hafa verið með síðustu sex mánuðina. Verðið er skráð á skiladegi umsókna um verkefni, þ.e. fjórum sinnum á ári.

Í öðru lagi er um að ræða fjarhitun sem er dreift um staðbundið dreifinet og keppir við hita frá jarðefnaeldsneyti eða raforku. Í þessu tilviki notar Enova raunverulegt samningsverð ⁽²¹⁾ sem neytandi greiðir (verð á venjulegri orku – úr jarðefnaeldsneyti og raforku).

Í þriðja lagi er um að ræða orkuframleiðslu sem er ekki mötuð inn í dreifinetið (t.d. orkuframleiðsla á staðnum með afgangsgufu sem ekki er mötuð inn í orkudreifikerfið). Í þessu tilviki er notað markaðsverð til endanlegra notenda, að meðtöldum sköttum.

⁽¹⁹⁾ Í Orkusjóðsreglugerðinni (*Vedteker for Energifondet*, 4. gr.) er kveðið á um að Orkusjóðinn eigi að nota fyrir orkusparnað, framleiðslu með nýrri endurnýjanlegri orku og annarri vistvænni orku.

⁽²⁰⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 302/05/COL sem viðurkennir kerfi rannsóknar- og þróunaraðstoðar í tengslum við gastækni.

⁽²¹⁾ Stórir viðskiptavinir fá oft afslátt á verði vegna stórra afhendingarsamninga. Enova tekur þetta með í reikninginn þegar hún ber saman verð orkugjafa í samkeppni.

Áhrifin af því að hleypta verkefni af stökkunum

Markmið aðstoðarkerfisins er að hvetja til fjárfestinga í endurnýjanlegri orku sem að öðrum kosti hefðu ekki orðið þar sem fánlegt orkuverð á markaðinum stendur ekki undir kostnaði og því yrði hreint núvirði neikvætt. Þess vegna telja stjórnvöld í Noregi að styrkur eigi eingöngu að bæta kostnaðarauka vegna framleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum. Þá má styrkurinn, sem Enova veitir, ekki fara yfir þá upphæð sem talin er nauðsynleg til að hleypta verkefni af stökkunum, þ.e. til að hvetja til jákvæðrar fjárfestingarákvörðunar.

Þegar Orkusjóðurinn og Enova voru stofnsett lágu, samkvæmt upplýsingum Eftirlitsstofnunar EFTA, hins vegar engar nákvæmar lýsingar fyrir á því hvenær talið væri að áhrifa gætti af því að hleypta verkefni af stökkunum. Til dæmis var ekki tilgreint hvenær verkefnið myndi, að meðtöldum styrk frá Orkusjóði, ná hreinu núvirði á núlli. Að vísu voru greiningar gerðar til að ákvarða hvenær verkefnið myndi koma út á sléttu. Þó voru engar ótvíræðar hömlur á ríkisstyrkjum umfram það mark. Eins og fram kemur í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn gætu styrkir frá Enova í sumum tilvikum hafa orðið til þess að verkefnisstyrkur hefði í för með sér reiknað jákvætt hreint núvirði ⁽²²⁾.

Þegar verkefni fær styrk gera Enova og styrkþegi samning um aðstoð þar sem kveðið er á um skilyrði fyrir útborgunum. Greiðslur má aðlaga í samræmi við hugsanlega kostnaðarlækkun á byggingartímabilinu. Þegar ráðist hefur verið í fjárfestingu er henni fylgt eftir með samburði á raunverulegum kostnaði og áætluðum kostnaði í umsókninni. Ef þessir liðir breytast umsækjanda í hag getur Enova lækkað fjárhagsaðstoðina þannig að hún endurspegli raunverulega kostnaðaruppbyggingu ⁽²³⁾.

Sanngjörn ávöxtun fjármagns

Krafan um að hleypta verkefni af stökkunum tekur til sanngjarnrar ávöxtunar fjármagns. Notaðir voru forvextir sem miðuðust við 7% á ári (nafnvextir fyrir skatta) fyrir öll verkefni að viðbættum tilteknum prósentustigum sem áhættuálagi. Stjórnvöld í Noregi tilkynntu að Enova myndi grundvallar greiningu sína á fræðilegum gildum samkvæmt opinberum skýrslum frá viðurkenndum ríkisstofnunum í Noregi þar sem áhættuálagið yrði breytilegt á milli 2,5 til 4,5% allt eftir tegund orku og eðli verkefnisins.

5.3 Orkusparnaðarráðstafanir

Samkvæmt kerfinu eins og það var tilkynnt ⁽²⁴⁾ eru styrkir til fjárfestinga í orkusparnaðarráðstöfunum reiknaðir samkvæmt sömu núvirðisaðferðinni og notuð er fyrir verkefni sem tengjast endurnýjanlegri orku.

5.4 Ný orkutækni

Í þessum flokki styrkir Enova tækniáferðir sem enn á eftir að þróa frekar og prófa áður en þær verða fjárhagslega hagkvæmar, þótt þær séu komnar lengra en rannsóknar- og þróunarverkefni sem fjallað er um í 14. kafla um aðstoð vegna rannsókna og þróunar í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð. Dæmi um slíkar tækniáferðir eru sjávarfalla- eða ölduorkuver. Einnig geta verkefni haft sem markmið að ná fram orkunýtni eða efla framleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum.

Meðan hin formlega rannsókn fór fram greindu stjórnvöld í Noregi frá því hægt væri að líta á þennan flokk sem undirflokk fjárfestingarstyrkja til framleiðslu með endurnýjanlegri orku og orkusparnaðar sem lýst er hér á undan. Áður fyrr tengdust 95,3% styrkra verkefna í þessum flokki framleiðslu með endurnýjanlegri orku en 4,3% tengdust orkusparnaðarráðstöfunum ⁽²⁵⁾.

Enova og Rannsóknarráð Noregs hafa undirritað samning um „innleiðingu á nýjum orkulausnum“ í tengslum við orkusparnað og framleiðslu á varma með sólarorku og lífmassa. Að sögn stjórnvalda í Noregi er ekki um að ræða nýtt aðstoðarkerfi heldur aukna áherslu á svið þar sem ætla megi að samvinna milli Enova og Rannsóknarráðsins skili samvirknisáhrifum. Samkvæmt stjórnvöldum

⁽²²⁾ Sjá dæmið á bls. 7 í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn (ákvörðun 122/05/COL) sem og bls. 9, einkum 17. nmgr.

⁽²³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA skilur það sem svo að engin hækkun verði ef fráviknið er neikvætt fyrir umsækjanda.

⁽²⁴⁾ Sjá þó hugmyndir stjórnvalda í Noregi um tilhögun orkusparnaðarráðstafana í framtíðinni (undirkafla I.9.2).

⁽²⁵⁾ Hvað varðar þau 0,4% sem eftir standa tilgreindu stjórnvöld í Noregi að þau tengdust innri stjórnunarkostnaði Enova við umsóknir vegna slíkra verkefna.

í Noregi virkar þessi tilhögun sem sameiginleg inngönguleið fyrir verkefni sem geta annaðhvort verið á forsamkeppnisstigi (og því fengið styrk frá Rannsóknarráði) eða skapað tekjur (og því fengið styrk frá Enova). Verkefnið fengi ekki styrk frá báðum stofnunum. Hins vegar leggja stjórnvöld í Noregi áherslu á að hvað sem öðru líði verði að virða reglur um uppsöfnun í 66. mgr. kafla G í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Samkvæmt þessum undirkafla umhverfisverndarleiðbeininganna er ekki heimilt að sameina styrk veittan samkvæmt þeim leiðbeiningum annars konar ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, ef slík skörun leiðir til hærri aðstoðar en kveðið er á um í umhverfisverndarleiðbeiningunum.

Þar sem Enova veitir aðeins styrki til verkefna sem skapa tekjur notar Enova sömu núvirkisáðferðina, sem um getur hér á undan, gagnvart styrkjum til verkefna sem tengjast nýrri tækni. Tekjur af verkefnum byggjast á framleiðslu raforku og varma til sölu, en að sögn stjórnvalda í Noregi skilar það tekjum sem réttlætir það að nota núvirkisáðferðina á verkefnum.

5.5 Orkuúttektir

Enova býður fyrirtækjum einnig ókeypis leiðbeiningar og ráðgjöf í tengslum við orkunýtni. Markmið aðstoðarinnar er að fjölga þeim fyrirtækjum sem annast orkuúttektir og -greiningar og aðstoða þau við að ná niður kostnaði við það. Eins og tilkynnt var takmarkaðist þessi þjónusta lagalega séð hvorki við hámark minniháttarástoðar né aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki. Hún miðaðist við tiltekin fyrirtæki. Í áætluninni fyrir árið 2003 er þessum markhópum lýst sem eigendum einkarekinna og opinberra bygginga með heildarflatarmál yfir 5000 fermetrum og iðnfyrirtækjum sem og leigutökum stórra svæða. Frá 2003 hefur Enova látið fyrirtækjum í té fé til að kaupa sér slíkar leiðbeiningar og ráðgjöf fremur en að sjá um það sjálf.

Stjórnvöld í Noregi leggja áherslu á að greina beri styrki samkvæmt þessum áætlunum frá ráðstöfunum á sviði upplýsingastarfs og fræðslu. Þetta á við þar sem styrkirnir renna beint til fyrirtækjanna til að gera orkuúttektir og orkugreiningar og til að greina annaðhvort fjárfestingar í orkusparnaði eða hegðunarbreytingar innan fyrirtækjanna. Í þessari ákvörðun mun Eftirlitsstofnun EFTA því meta þessa styrki sérstaklega. Stjórnvöld í Noregi telja enn fremur að hægt sé að bera þessar áætlanir saman við orkuúttektir samkvæmt finnsku kerfi sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ⁽²⁶⁾.

Áður fyrr gátu styrkir numið allt að 50 % styrkhæfs kostnaðar. Að sögn stjórnvalda í Noregi hafa aðeins verið veittir styrkir vegna 40 % styrkhæfs kostnaðar frá 1. janúar 2004.

5.6 Áætlanir um upplýsingastarf og fræðslu á sviði orkunýtni

Enova starfrækir rafræna svarþjónustu þar sem ókeypis upplýsingar og ráðleggingar eru veittar öllum sem hafa áhuga á að ná betri orkunýtni. Að því marki sem Enova hefur ekki getu til þess að annast sjálf slíka starfsemi hefur þjónustan, að sögn stjórnvalda í Noregi, verið keypt í samræmi við reglur um opinber innkaup. Enova ræður engu um hverjir fá slíka ráðgjöf og upplýsingar.

Þar til 1. janúar 2003 bauð Enova fram áætlun, sem var víða auglýst, þar sem fyrirspurnir um orkunýtni, sem fylgja þurfti markvisst eftir á heimilum og í fyrirtækjum á vettvangi, voru meðhöndlaðar af tuttugu svæðisbundnum orkunýtnimiðstöðvum sem voru í forsvari fyrir Enova á þessu sviði. Stuðningur var veittur ókeypis og u.þ.b. tvær klukkustundir voru ætlaðar hverri fyrirspurn. Að sögn stjórnvalda í Noregi réð Enova engu um það hverjir fengu þessa þjónustu.

Hvað varðar *kennslu* ber að geta eftirfarandi áætlana. Stjórnvöld í Noregi leggja áherslu á að samkeppni meðal bjóðenda og kostnaðarskilvirkni verkefnanna skipti mestu máli.

Þar til 1. janúar 2005 lét Enova í té áætlun ⁽²⁷⁾ í tengslum við þróun á *kennsluefni og námshugmyndum* til að efla og viðhalda þekkingu á endurnýjanlegri orku í fyrirtækjum. Áætlunin var skipulögð sem útboðsferli og Enova greiddi 50 % af heildarþróunarkostnaði verkefnisins.

⁽²⁶⁾ N 75/2002 – Finnland, Breytingar á aðstoðaráætlun fyrir orkugeirann.

⁽²⁷⁾ Áætlunin var nefnd „kennsluefni og fræðsluhugsun“ árið 2003 en nafninu breytt í „kennsluáætlun“ árið 2004.

Markmið áætlunarinnar var að hvetja til þróunar á kennsluefni um orkunýtni (bækur, hugbúnaður, o.s.frv.) sem og að styrkja þróun námskeiða um orkumál, t.d. í menntaskólum/háskólum eða hjá stéttarfélögum, o.s.frv. Verkefnið var opið opinberum stofnunum, einkareknum stofnunum og sjálfseignarstofnunum. Í áætlun fyrir árin 2003 og 2004 er að finna forgangslista (t.d. verkefni fyrir byggingariðnaðinn, verkefni með þátttöku opinberra/einkarekinna samstarfsfyrirtækja og verkefna sem átti að markaðssetja til 1. ágúst 2003). Samkvæmt áætlun ársins 2003 var viðbótarkennsla sérstaklega miðuð við háskóla, stéttarfélög, verslunarsamtök og einkareknar námsstofnanir (stig 1) sem og húsameistara, birgja, sjálfstæða atvinnurekendur og aðra aðila sem vinna með orkukerfi í atvinnuhúsnæði (stig 2) eða byggingariðnaðinn (áætlun 2004).

Til að kynna kennsluáætlunina 2004 bauð Enova fram áætlun um „þróun námskeiða í orkumálum fyrir tæknimenntað starfsfólk og verkfræðinga“. Þetta var skipulagt sem útbóðsferli. Aðeins 50 fyrstu einstaklingarnir, sem luku námskeiðinu, fengu það greitt af Enova. Að sögn stjórnvalda í Noregi voru þessir styrkir veittir beint til einstaklinga en ekki til fyrirtækja.

Fyrirnefndum kennsluefnisáætlunum lauk 31. desember 2004. Stjórnvöld í Noregi gáfu til kynna að nýjar áætlanir yrðu tilkynntar Eftirlitsstofnun EFTA. Samtals hafa um 33 verkefni fengið styrk samkvæmt áætluninni. Að sögn stjórnvalda í Noregi kunna sum verkefnanna að vera undir hámarki minniháttaraðstoðar. Sumir styrkjanna runnu enn fremur til stofnana í opinbera geiranum, háskóla og annarra menntastofnana og sjálfseignarstofnana. Stjórnvöld í Noregi halda því fram að hvað þessar stofnanir varðar hafi styrkurinn frá Enova ekki tengst atvinnustarfsemi á vegum fyrirtækis sem fellur undir gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins heldur frekar eflingu kennslu.

Kerfið sem slíkt innihélt ekki neinar takmarkanir sem tilgreindu að aðstoðin skyldi eingöngu veitt tilteknum stofnunum eða starfsemi. Né heldur var tekið fram að styrkurinn mætti ekki fara yfir hámark minniháttaraðstoðar samkvæmt lið 1e í XV. viðauka við EES-samninginn⁽²⁸⁾. Styrkurinn var hvorki takmarkaður við lítil og meðalstór fyrirtæki⁽²⁹⁾, eins og fram kemur í gerðinni sem um getur í lið 1f í XV. viðauka við EES-samninginn, né þannig úr garði gerður að hann fullnægði kröfum gerðarinnar sem um getur í lið 1d í XV. viðauka við EES-samninginn⁽³⁰⁾ (aðstoð til menntunar).

Að auki er Enova með áætlun til að bæta *hæfni í skipulagi orkumála í sveitarfélögum*, einkum opinbert skipulag og deiliskipulag samkvæmt norskum skipulags- og byggingarlögum. Áætlunin er rekin þátttakendum að kostnaðarlausu og beinist að háttsettum ráðamönnum og tæknimenntuðu starfsfólki sveitarfélaga. Stjórnvöld í Noregi staðhæfa að Enova láti fara fram mat á því hvort sveitarfélögin veita þjónustu í samkeppni við aðra aðila á markaðinum. Sé svo fær slík starfsemi ekki stuðning.

6. Styrkþegar/umfang aðstoðar í tengslum við fjárfestingar í framleiðslu með endurnýjanlegri orku

Rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA varðar yfirstandandi aðstoðaráætlanir. Í þessari ákvörðun er því ekki hægt að tilgreina fjölda mögulegra styrkþega endanlega heldur aðeins gefa hugmynd um hann. Í bréfi sínu dagsettu 15. júlí 2005 tilgreindu stjórnvöld í Noregi, til ársloka 2004, 236 þiggjendur orkuúttektar- og fjárfestingarstyrkja (hið síðarnefnda bæði fyrir framleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum og orkusparnaðarráðstafanir) sem fengu ríkisstyrki umfram hámark minniháttaraðstoðar og voru ekki styrkir til opinberra stofnana vegna opinberrar starfsemi þeirra. Stjórnvöld í Noregi tilgreindu enn fremur 33 verkefni sem fengu styrki samkvæmt áætluninni um námsefni/kennslu.

Stjórnvöld í Noregi halda því fram að hér um bil 875 verkefni önnur varði annaðhvort styrki til opinberra stofnana eða styrki vegna kaupa Enova á tiltekinni þjónustu samkvæmt reglum um opinber innkaup.

⁽²⁸⁾ Í liðnum er felld inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð, Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 30.

⁽²⁹⁾ Í liðnum er felld inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/2001 frá 12. janúar 2001 um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 33, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 364/2004 frá 25. febrúar 2004, Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 22.

⁽³⁰⁾ Í liðnum er felld inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 68/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart aðstoð til menntunar, Stjtið. EB L 10, 13.1.2001, bls. 20, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 363/2004 frá 25. febrúar 2004, Stjtið. ESB L 63, 28.2.2004, bls. 20.

Að því er varðar verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku lögðu stjórnvöld í Noregi fram eftirfarandi töflu sem sýnir umfang aðstoðar grundvallað á heildarfjárfestingarkostnaði fyrir verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku sem styrkt voru frá 2002 til 2004:

Endurnýjanleg orka	Umfang aðstoðar sem hundraðshluti heildarfjárfestingarkostnaðar, styrkur reiknaður samkvæmt núvirðisáðferðinni		
	Fjöldi verkefna	Meðaltal	Hámark
Vindorka	10	23%	68%
Fjarhitun	19	20%	31%
Líforka	31	20%	50%
Ný endurnýjanleg orka	1	25%	25%

7. Fjárframlög og gildistími

Samningurinn fyrir árin 2002–2005 (sjá undirkafla I.2.3 hér á undan) var framlengdur til ársloka 2006. Fyrirséð er að hann verður enn framlengdur til 31. desember 2010. Stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram eftirfarandi yfirlit yfir framlög samkvæmt kerfinu:

	Ríkisfjárlög í milljónum NOK	Tekjur af gjaldi á taxa í milljónum NOK	Heildarfjárframlög í milljónum NOK	Heildarfjárframlög í milljónum evra ⁽¹⁾
2002	270	161	431	57,3
2003	259	192	451	56,4
2004	60	470	530	63,3
2005	0	650	650	79,3

(¹) Gengið (NOK/Evrur) sem stjórnvöld í Noregi notuðu: 2002: 7,51, 2003: 8,00, 2004: 8,37, 2005: 8,20.

8. Uppsöfnun

Að því er varðar uppsöfnun styrkja, sem Enova veitti, og annarra ríkisstyrkja vekur Eftirlitsstofnun EFTA athygli á að verkefni geta að meginreglu til fengið aðstoð annars staðar frá. Stjórnvöld í Noregi staðhæfðu í tilkynningunni að þau myndu tryggja að veitt aðstoð myndi aldrei fara yfir hámarkið í 66. mgr. kafla G í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Eins og þegar hefur komið fram er í þesim undirkafla mælt fyrir um að ekki megi sameina aðstoð, sem heimiluð hefur verið samkvæmt umhverfisverndarleiðbeiningunum, annars konar aðstoð ef slík skörun leiðir til hærri aðstoðar en kveðið er á um í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Umsækjendur verða að tilkynna Enova ef umsóknir um frekari ríkisaðstoð hafa verið lagðar fram.

9. Tillögur stjórnvalda í Noregi að breytingum á kerfinu

Stjórnvöld í Noregi hafa lagt til ákveðnar breytingar á kerfinu til þess að gera það samrýmanlegt umhverfisverndarleiðbeiningunum, sbr. hér á eftir. Meðan á rannsókn Eftirlitsstofnunar EFTA stóð hófust stjórnvöld í Noregi handa við að hrinda þessum breytingum í framkvæmd.

9.1 Breytingar á styrkjum vegna fjárfestinga í framleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum

- 1) Noregur mun takmarka stuðninginn við verkefni sem falla undir skilgreiningu á endurnýjanlegum orkugjöfum í staflíð a) og lífmassa í staflíð b) í 2. mgr. tilskipunar 2001/77/EB. Þá verður enginn styrkur veittur til starfandi vatnsorkuvera.
- 2) Upphæð aðstoðarinnar verður reiknuð út samkvæmt núvirðisáðferðinni á grundvelli mismunar á framleiðslukostnaði og markaðsverði. Aðstoðin verður tilgreind sem eingreiðsla. Reiknisáðferðin er eftirfarandi (sýnd með dæmi um raunverulegt vindorkuverkefni, með fjárhæðum tilgreindum í NOK):

Styrkhæfur fjárfestingarkostnaður ⁽¹⁾		123 000 000
Framleiðsla	kWh/ár	45 700 000
Verð	NOK/kWh	0,25
Árlegar tekjur ⁽²⁾		11 425 000
Rekstrarkostnaður	NOK/kWh	0,10
Árlegur rekstrarkostnaður		4 570 000
Árlegar hreinar tekjur		6 855 000
Efnahagslegur líftími í árum		25
Arðsemi fjármagns		6,33%
Hreint núvirði		-38 000 000
Fjárfestingarstyrkur		38 000 000

⁽¹⁾ Fjárfestingarkostnaður fellur á við upphaf ársins 0.

⁽²⁾ Tekjur reiknast í fyrsta sinn í lok árs 1.

Miðað við kerfið eins og það var tilkynnt mun útreikningslíkanið hér á undan grundvallast á „styrkhæfum“ fjárfestingarkostnaði en ekki heildarkostnaði. Að sögn stjórnvalda í Noregi verður fjármagnskostnaður, ýmiss konar kostnaður og kostnaður vegna skaðatrygginga ekki talinn með í styrkhæfum kostnaði, a.m.k. ekki frá 1. janúar 2004.

- 3) Markaðsverðið fyrir raforku, sem notað er í útreikningunum hér á undan, er fengið úr viðeigandi Nordpool-verðum. Að því er fjarhitun varðar mun það vera viðeigandi verð sem hinn endanlegi notandi olíu eða raforku (hvort heldur er lægra) verður að greiða þegar ákvörðun er tekin um ríkisaðstoð. Ef hagkvæmni verkefnisins grundvallast á stórum samningum við viðskiptavinum með verði sem vikur frá þekktu verði til endanlegs raforku- og olíunotanda verður miðað við samningsverðið. Hvað varðar raforkuframleiðslu sem ekki er mötuð inn í dreifikerfið verður notað verð fyrir endanlegan notanda, að meðtöldum sköttum.
- 4) Aðstoðin getur tekið til sanngjarnrar ávöxtunar fjármagns. Hins vegar mun óháður sérfræðingur annast útreikning á afvöxtunarstuðli og áhættuálagi fyrir hverja atvinnugrein á sviði endurnýjanlegrar orku.

Vakin skal athygli á því að stjórnvöld í Noregi afhentu Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu óháðs sérfræðifyrirtækis, First Securities ASA ⁽³¹⁾. Sérfræðifyrirtækið notar líkan um verðmyndun eigna ⁽³²⁾ og reiknaði út afvöxtunarstuðla sem nema 7% fyrir vindorku og 6% fyrir fjarhitun, líforku og orku hverja um sig. Útreikningurinn á að vera viðmiðunarrámmi sem gerir Enova kleift að meta notkun afvöxtunarstuðla sem tengjast eiginfé einstakra verkefna. Einkum gæti svokallað beta-virði verið hærra miðað við áhættuna af verkefninu ⁽³³⁾ og leitt til hærri afvöxtunarstuðla.

Stjórnvöld í Noregi munu endurskoða og uppfæra árlega vaxtastig og áhættuálag. Ef einhverjar óvæntar breytingar, sem hafa veruleg áhrif á afvöxtunarstuðul, verða milli árlegra uppfærslna munu stjórnvöld í Noregi láta fara fram viðbótaraðlögun á afvöxtunarstuðlum til samræmis við það. Hins vegar gildir þetta eingöngu ef ástæða er til að ætla að breytingin sé varanleg.

⁽³¹⁾ Fyrirtækið First Securities er eitt helsta fyrirtækið á norska verðbréfamarkaðinum.

⁽³²⁾ Aðferð sem sýnir ávöxtun fjármagns að teknu tilliti til áhættu sem fall af áhættunni fyrir markaðseignasafn og áhættu eigna (verkefnis) sem um ræðir.

⁽³³⁾ Formúlan sem First Securities notar er $R_E = R_F + \beta (R_M - R_F)$, þar sem R_F eru norsk skuldabréf til langs tíma, β er áhætta vegna einstakra verkefna, R_M er áætluð ávöxtun markaðseignasafns, $(R_M - R_F)$ er áhættuálag hlutabréfa. R_E er tilskilin ávöxtun fjárfestingar.

- 5) Styrkhæfur fjárfestingarkostnaður skal vera sá sami og tilgreindur er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 75/2002 – Finnland ⁽³⁴⁾. Að sögn stjórnvalda í Noregi hefur Enova frá 1. janúar 2005 eingöngu viðurkennt slíkan kostnað sem styrkhæfan.
- 6) Engin aðstoð verður veitt umfram það sem nauðsynlegt er til að hleypa verkefni af stokkunum. Þetta þýðir að ef hreint núvirði er *neikvætt* samkvæmt núvirðisaðferð sem byggir á breytunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. hér á undan verður ríkisstyrkur eingöngu veittur til þess að tryggja að verkefnið standi á sléttu, þ.e. til að hreint núvirði verði núll.
- 7) Verkefni, sem reiknað er með að hafi núllvirði eða jákvætt hreint núvirði án aðstoðar, mun ekki eiga rétt á neinni aðstoð.
- 8) Að lífmassa undanskildum má styrkur, sem veittur er samkvæmt þessu kerfi, aldrei fara yfir mörkin sem mælt er fyrir um í 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Samkvæmt 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum takmarkast aðstoðin við mismuninn á markaðsvirði og framleiðslukostnaði, að meðtöldum afskriftum á orkuveri, þar sem afskrift orkuvers telst vera fjárfestingarkostnaður eingöngu. Aðstoðin má einnig taka til sanngjarnrar ávöxtunar ef Noregur getur sýnt fram á að slíkt sé óhjákvæmilegt vegna þess hve tilteknir endurnýjanlegir orkugjafar standa höllum fæti í samkeppni.
- 9) Með aðferð Enova við að reikna út umfang aðstoðar verður hámarksaðstoð, sem Enova veitir, takmörkuð við fjárfestingarkostnað. Verkefni, sem hafa í för með sér neikvætt EBITDA ⁽³⁵⁾ við eðlilegar rekstraraðstæður þegar ráðist er í fjárfestingar, munu ekki eiga rétt á neinni aðstoð. Afvöxtunarstuðlar, sem notaðir eru í þessum tilgangi, verða afvöxtunarstuðlar sem Enova notar, eins og fram kemur í 4. mgr. undirkafla 9.I.
- 10) Fyrir lífmassa er heimilt að veita rekstraraðstoð umfram fjárfestingarkostnað. Hins vegar er ekki undir neinum kringumstæðum heimilt að veita meiri rekstraraðstoð en gert er ráð fyrir í 55. mgr. í undirkafla D.3.3.1 ⁽³⁶⁾ í umhverfisverndarleiðbeiningunum.
- 11) Að því er varðar styrki samkvæmt kerfinu er lífmassi skilgreindur sem „lífbrjótanlegur hluti afurða, úrgangs og efnaleifa frá landbúnaði (þ.m.t. efni úr bæði jurta- og dýraríkinu), skógrækt og tengdum atvinnugreinum, auk lífbrjótanlegs hluta iðnaðarúrgangs og húsasorps“ (sjá staflið b) í 2. gr. tilskipunar 2001/77/EB). Þegar um er að ræða styrki til líforku sem upprunnin er úr öðru en lífmassa skal eingöngu veita rekstraraðstoð, eins og mælt er fyrir um í 10. mgr., fyrir þann hluta sem inniheldur lífmassa. Styrkur til annarra hluta var takmarkaður við fjárfestingarstyrk, eins og skilgreint er í 5. mgr.
- 12) Kerfið gildir til 1. janúar 2011.

Stjórnvöld í Noregi hafa einnig lagt fram eftirfarandi upplýsingar um rekstrarkostnað fyrir framleiðslu með endurnýjanlegri og hefðbundinni orku:

⁽³⁴⁾ A) Kostnaður við undirbúning og hönnun. B) Byggingar-, véla-, og tækjakostnaður, uppsetningarkostnaður eða kostnaður vegna breytinga og viðgerða á fyrirbyggjandi byggingum, vélum og búnaði. C) Kostnaður vegna kaupa á landi sem tengist beint fjárfestingunni og kostnaður við lagningu rafmagnslína þar sem kostnaður vegna lands getur numið mest 10% af styrkhæfum kostnaði verkefnisins. D) Kostnaður vegna lagningar leiðslna sem tengja á fjarhitanetinu. Kostnaður sem verður vegna lagningar fjarhitans getur ekki fengið styrk nema um sé að ræða netverkefni sem tengjast nýrri tækni. E) Kostnaður við mannvirkjahönnun og kostnaður vegna eftirlits með byggingarstarfsemi. F) Kostnaður við ruðnings- og jarðvinnslustarfsemi. G) Kostnaður við að hefja starfsemi og kostnaður við að hjálfa starfsfólk til að hefja starfsemi. Í þessu sambandi tákna það að hefja starfsemi það að starfsetja, prófa og aðlaga kerfiseiningu í fyrsta sinn til þess að tryggja að hún starfi í samræmi við tilgreinda afkastagetu. H) Kostnaður við að dreifa upplýsingum um verkefnið. I) Kostnaður vegna eftirlits með fjárfestingum. J) Kostnaður í tengslum við forannsóknir á mismunandi tegundum verkefna (laun þeirra sem taka þátt í verkefninu og óbeinn launakostnaður, búnaður, aukahlutir, hugbúnaður, ferðalög, útbreiðsla upplýsinga og annar beinn eða óbeinn kostnaður). Óbeinn kostnaður styrkþega, vextir greiddir á byggingarstigi, viðbótargjöld og frádráttarbær gjöld koma ekki til greina. Sjá 26. nmgr.

⁽³⁵⁾ EBITDA (*Earnings Before Interest, Taxes, Depreciation and Amortization*) eru tekjur fyrir vexti, skatta, afskriftir og fyrningar. Þetta tekur til hreins flæðis reiðufjár frá rekstrarstarfsemi fyrir færslur á veltufjármagni.

⁽³⁶⁾ Samkvæmt 55. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum getur lífmassi, sem hefur hærri rekstrarkostnað, fengið rekstraraðstoð sem er hærri en fjárfestingarupphæðin ef EFTA-ríkið getur sýnt fram á að samanlagður kostnaður fyrirtækjanna eftir afskriftir á orkuveri er áfram hærri en markaðsverð orkunnar.

Heildarrekstrarkostnaður, NOK/kWh

Tækni	Rekstrar- og viðhaldskostnaður	Eldsneyti	Heildarrekstrarkostnaður
Tölur úr IEA-skýrslunni: uppfærsla á áætluðum kostnaði við raforkuframleiðslu 2005			
Kol	0,034–0,068	0,076–0,152	0,11–0,22
Gas	0,023–0,031	0,187–0,249	0,21–0,28
Sameinuð hita- og orkuframleiðsla			0,17–0,44
Tölur úr skýrslunni um hreint núvirði: kostnaður við framleiðslu á hita og orku 2002			
Vindorka	0,05		0,05
Tölur frá Enova um verkefnasamval (dæmi)			
Vindorka	0,05–0,10	0	0,05–0,10
Líforka	0,07–0,15	0,2–0,3	0,27–0,45
Ný endurnýjanleg orka			0,05
Fjarhitun			0,05–0,10

9.2 Orkusparnaðarráðstafanir

Stjórnvöld í Noregi telja að nota beri núvirðisaðferðina til að reikna út styrki til orkusparnaðarráðstafana á sama hátt og gildir um hið tilkynnta kerfi. Þó lögðu stjórnvöld í Noregi til eftirfarandi breytingar með tilliti til framtíðarnotkunar á stuðningsráðstöfunum vegna orkusparnaðar:

Stjórnvöld í Noregi munu reikna fjárfestingaraðstoð til orkusparnaðarráðstafana í samræmi við 25. mgr. í undirkafla D.1.3 ⁽³⁷⁾ í umhverfisverndarleiðbeiningunum ásamt með 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í umhverfisverndarleiðbeiningunum, þ.e. fjárfestingarkostnaður verkefnisins verður algerlega takmarkaður við þann aukafjárfestingarkostnað sem er nauðsynlegur til að ná umhverfismarkmiðunum. Þetta þýðir að kostnaður við fjárfestingar í orkusparnaði verður borinn saman við kostnað vegna fjárfestinga sem eru tæknilega séð sambærilegar en gera ekki kleift að ná fram jafnmikilli umhverfisvernd. Þegar um er að ræða fjárfestingar í viðbótarbúnaði og aðferðum sem miða eingöngu að orkusparnaði, þegar engar aðrar sambærilegar fjárfestingar eru fyrir hendi, miðast sambærilegur fjárfestingarkostnaður við núll. Kostnaður við endurnýjun á vélum til þess að fullnægja norskum stöðlum telst ekki styrkhæfur.

- 1) Kostnaður verður reiknaður að frádregnum ágóða af hvers kyns aukningu á framleiðslugetu, kostnaðarsparnaði á fyrstu fimm fjárfestingarárunum og viðbótarframleiðslu á þessu fimm ára tímabili.
- 2) Styrkhæfur kostnaður verður takmarkaður við fjárfestingarkostnað. Í þessu tilliti verður styrkhæfur kostnaður sá sami og tilgreindur er í ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna nr. N 75/2002 – Finnland ⁽³⁸⁾. Frá 1. janúar 2005 hafa stjórnvöld í Noregi aðeins talið slíkan kostnað styrkhæfan.
- 3) Fjárhæð aðstoðarinnar mun takmarkast við 40 % aukakostnað samkvæmt ofangreindum breytum og engin rekstraraðstoð verður veitt samkvæmt því kerfi. Samkvæmt 30. mgr. í undirkafla D.1.5 í umhverfisverndarleiðbeiningunum er heimilt að auka aðstoðina um tíu prósentustig þegar um ræðir lítil og meðalstór fyrirtæki. Í þessum tilgangi verða lítil og meðalstór fyrirtæki skilgreind í samræmi við undirkafla 10.2 í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um aðstoð við örfyrirtæki, smáfyrirtæki og meðalstór fyrirtæki.
- 4) Stjórnvöld í Noregi munu sjá til þess að ef aðstoð er sameinuð öðrum opinberum styrkjum muni heildaraðstoð aldrei fara yfir ofangreind mörk.
- 5) Kerfið gildir til 1. janúar 2011.

⁽³⁷⁾ Samkvæmt 25. mgr. í undirkafla D.1.3 í umhverfisverndarleiðbeiningunum geta orkusparnaðarráðstafanir átt rétt á fjárfestingaraðstoð sem að grunni til nemur 40% af styrkhæfum kostnaði. Samkvæmt 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í umhverfisverndarleiðbeiningunum verður að takmarka styrkinn við aukafjárfestingarkostnað. Styrkhæfan kostnað skal reikna að frádregnum ágóða af hvers kyns aukningu á framleiðslugetu, kostnaðarsparnaði á fyrstu fimm fjárfestingarárunum og viðbótarframleiðslu á þessu fimm ára tímabili.

⁽³⁸⁾ Sjá 5. lið undirkafla I.9.1 og 34. nmgr.

9.3 *Styrkir til nýrrar orkutækni*

Að sögn stjórnvalda í Noregi verða ný tækniverkefni styrkt, svo fremi um sé að ræða verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku, í samræmi við reglur um styrki til framleiðslu og notkunar á endurnýjanlegri orku (núvirkisáðferðin). Svo fremi um sé að ræða tækni sem varðar orkunýtni verða útreikningsaðferðir fyrir orkusparnaðartilhögun notaðar. Þessi styrkur mun m.a. taka til verkefna sem áður hafa aðeins verið prófuð í rannsóknarstofum, hafa takmarkaða hagnýtingu eða hafa verið þróuð fyrir aðrar aðstæður en í Noregi og þarfnast aðlögunar.

Verkefni á forsamkeppnisstigi, sem falla undir leiðbeiningar Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði rannsókna og þróunar, verða tilkynnt sérstaklega. Verkefni, sem eru til umbóta á fyrirliggjandi vörum eða framleiðslulínum, fá ekki styrk. Sama gildir um verkefni sem þegar hefur verið hafist handa við eða ákveðið hefur verið að hleypa af stokkunum.

9.4 *Upplýsingastarf og fræðsla á sviði orkunýtni*

Stjórnvöld í Noregi hafa staðfest að hætt hafi verið við áætlanir fyrir kennsluefni og námstillhögun, námskeið fyrir tæknimenn að starfsfólk og eftirfylgni á vettvangi 1. janúar 2005. Ef hafist verður handa við þessi verkefni eða sambærileg verkefni í framtíðinni verða þau tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA fyrirfram.

Stjórnvöld í Noregi hafa einnig staðfest að þjálfunaráætlun fyrir opinberar stofnanir varði einungis stjórnsýsluhlutverk sveitarfélaganna (sjá einnig undirkafla I.5.6).

9.5 *Annað*

Stjórnvöld í Noregi hafa ennfremur staðfest að styrkurinn sé einnig veittur á jöfnum grundvelli til erlendra fjárfesta og að þau muni reglulega veita Eftirlitsstofnun EFTA upplýsingar um beitingu kerfisins. Stjórnvöld í Noregi hafa sent stofnuninni skrá með átta dæmum um erlenda aðila sem hafa fengið styrk frá Orkusjóði.

10. **Grundvöllur fyrir því að hefja formlega rannsókn**

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn kom fram það álit Eftirlitsstofnunar EFTA að orkusparnaðarráðstafanirnar, styrkurinn til nýrrar orkutækni og styrkurinn til fjárfestinga í framleiðslu með endurnýjanlegri orku fælu í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Að því er varðaði upplýsingastarf og fræðsla (þ.m.t. leiðbeiningar og ráðgjafarþjónusta) vakti Eftirlitsstofnun EFTA athygli á því að, að rafrænu svarþjónustunni undanskilinni og hugsanlega vettvangsheimsóknunum, hefði sjóðurinn haft fjálsar hendur um styrkveitingar. Ennfremur taldi stofnunin að þetta frelsi hefði gert það að verkum að styrkirnir væru fremur sértækar en almennar ráðstafanir. Niðurstaðan var sú að allar ráðstafanirnar röskuðu eða væru til þess fallnar að raska samkeppni og hefðu áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna. Þar sem Eftirlitsstofnun EFTA var ekki tilkynnt um aðstoðina frá Orkusjóði í tæka tíð taldist hún vera ólögleg aðstoð í skilningi staflíðar f) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Að því er varðar mat á samrýmanleika við EES-samninginn gerði Eftirlitsstofnun EFTA greinarmun á Orkusjóði, eins og hann var tilkynntur, og kerfinu með breytingunum sem stjórnvöld í Noregi lögðu til.

Kerfið eins og það var tilkynnt

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um að hægt væri að réttlæta fjárfestingarstyrki fyrir framleiðslu með endurnýjanlegri orku á grundvelli umhverfisverndarleiðbeininganna. Einkum vakti stofnunin athygli á því að styrkirnir byggðust ekki á „aukakostnaðaraðferð“ 27. mgr. í undirkafla D.1.3 og 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Öllu heldur væri sýnt fram á þörfina fyrir aðstoð með því að reikna hreint núvirði verkefnisins. Eftirlitsstofnun EFTA komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri næg trygging fyrir því að eingöngu kostnaður tengdur fjárfestingum yrði styrktur.

Þá væri engri tilhöggun til að dreifa sem komið gæti í veg fyrir ofgreiðslur. Að því er varðar orkusparnaðarráðstafanir benti stofnunin á að ólíkt verkefnum tengdum endurnýjanlegri orku takmörkuðu umhverfisverndarleiðbeiningarnar styrkinn til þeirra við 40% af styrkhæfum fjárfestingarkostnaði. Með núvirkisáðferðinni, sem stjórnvöld í Noregi notuðu, væri ekki ljóst hvort þessi mörk yrðu virt. Að því er varðar orkutækniverkefni sem og orkuúttektir þarfnáðist Eftirlitsstofnun EFTA frekari upplýsinga. Með tilliti til styrkja til upplýsingastarfs og fræðslu benti stofnunin á að aðstoðarkerfið takmarkaðist ekki við hámark minniháttaraðstoðar (þótt styrkur til sumra verkefnanna kynnu að hafa verið undir mörkum) eða við lítil eða meðalstór fyrirtæki. Á þessum grundvelli var það upphafleg niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn að kerfið, eins og það var tilkynnt, samrýmdist ekki ákvæðum EES-samningsins um ríkisaðstoð.

Kerfið með breytingunum sem stjórnvöld í Noregi lögðu til

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn fjallaði Eftirlitsstofnun EFTA einnig um breytingarnar sem stjórnvöld í Noregi lögðu til. Hún lýsti því yfir að hún myndi rannsaka nánar hvort hægt væri að samþykka norsku aðferðina, að grundvalla styrkinn á útreikningi á hreinu núvirði viðkomandi verkefnis, ef stjórnvöld í Noregi ákvæðu að takmarka styrkinn við mismuninn á markaðsverði og framleiðslukostnaði, sjá 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Eftirlitsstofnun EFTA hafði einnig áhyggjur af því hvernig stjórnvöld í Noregi myndu beita skilyrðinu í þriðja málslið 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum í reynd. Í þessum undirkafla er mælt fyrir um það að þegar styrkur hefur verið veittur einu sinni sé viðbótarorka, sem orkuver framleiðir, ekki lengur styrkhæf. Eftirlitsstofnun EFTA lét einnig í ljós efasemdir um styrki til verkefna þar sem hreint núvirði yrði áfram neikvætt, vegna hárs rekstrarkostnaðar, eftir að hafa fengið stuðning frá Enova.

Eftirlitsstofnun EFTA gat ekki komist að endanlegri niðurstöðu um styrkinn til nýrrar orkutækni og kennslu, né heldur um þjónustu á sviði leiðbeininga og ráðgjafar (orkuúttektir).

11. Athugasemdir frá utanaðkomandi aðilum

Eftirlitsstofnun EFTA barst ein athugasemd frá utanaðkomandi aðila um ákvörðunina um að hefja málsmeðferð. Þýska umhverfis-, náttúruverndar- og kjarnorkuöryggisráðuneytið telur að ekki sé með neinu móti hægt að afmarka viðeigandi markað með vissu og ákvarða hvort styrkt fyrirtæki kepptu í reynd við fyrirtæki sem njóta ekki styrkja og hefðu þar með ávinning af því. Ennfremur heldur þýska ráðuneytið því fram að meginreglan við að greina kostnaðarauka vegna endurnýjanlegrar orkuframleiðslu sé ekki mjög heppileg til að ákvarða fjárhæð aðstoðar, svo lengi sem ekki sé til nein almenn gild og skýr skilgreining á hugtakinu kostnaðarauki. Að því er varðar 40% mörk aðstoðarhlutfalls telur þýska ráðuneytið að þetta sé iðulega ónæg hvatning fyrir einkafjárfesti til þess að aðhafast þar sem hann þyrfti að bera 60% af kostnaðinum. Því mætti skoda hvort styrkurinn ætti ekki fremur að grundvallast á hlutfalli heildarfjárfestingarkostnaðar. Þýska ráðuneytið telur að með fordæmum framkvæmdastjórnarinnar hafi verið vegið upp á móti tilteknum göllum í umhverfisverndarleiðbeiningunum.

12. Athugasemdir stjórnvalda í Noregi

Með tilliti til þess hvort um ríkisaðstoð er að ræða telja stjórnvöld í Noregi í svari sínu frá 15. júlí 2006 að Eftirlitsstofnun EFTA noti of strangan mælikvarða á það hvort ívilnun sé sértæk sem veiti ekki nægt svigrúm til að velja áætlanir sem standa í grundvallaratriðum öllum fyrirtækjum til boða. Hvað varðar styrk vegna kennsluefnis hefði Enova frjálssar hendur um að hafna eingöngu verkefnum sem fullnægðu ekki markmiðum áætlunarinnar eða gætu tryggt nógu mikil gæði. Þessi lágmarksviðmið væru því í eðli sínu hlutlæg.

Stjórnvöld í Noregi telja ennfremur í ofangreindu bréfi að Eftirlitsstofnun EFTA hefði átt að láta fara fram mat á samrýmanleika Orkusjóðs við staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, eins og framkvæmdastjórnin gerði í tengslum við leiguábyrðarsjóð bresku WRAP-áætlunarinnar ⁽³⁹⁾.

⁽³⁹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. nóvember 2003 um ríkisaðstoð sem Breska konungsríkið áformar að veita úr umhverfisstyrkjasjóði (Environmental Grant Fund) og leiguábyrðarsjóði (Lease Guarantee Fund) WRAP-áætlunarinnar, Stjtið. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 59.

Að því er varðar samrýmanleikamat á styrk til að fjárfesta í framleiðslu með endurnýjanlegri orku staðhæfa stjórnvöld í Noregi að komið sé í veg fyrir ofgreiðslur vegna endurnýjanlegrar orkuframleiðslu, eins og hún var tilkynnt, þar sem kerfið felur í sér samkeppni milli ólíkra verkefna. Samningurinn milli Enova og ráðuneytisins kveði ennfremur á um að öll aðstoð verði að samrýmast EES-samningnum. Að því er varðar innfellingu kostnaðar sem e.t.v. er ekki styrkhæfur staðhæfa stjórnvöld í Noregi að þetta myndi eingöngu varða lítinn hluta kostnaðarins.

Á forrannsóknarstigi og í svari sínu frá 15. júlí 2006 benda stjórnvöld í Noregi á að aðstæður Noregs í orkumálum séu aðrar en í flestum ríkjum Evrópu þar sem meira en 99% af raforkuframleiðslu innanlands komi frá vatnsorku. Vatnsorka hafi annars konar kostnaðaruppbyggingu og önnur kostnaðarstig en hefðbundin orkuframleiðsla annars staðar í Evrópu sem byggist á kola-, gas- og kjarnorku. Að mati stjórnvalda í Noregi er ekki hægt að nota vatnsorku til samanburðar við útreikning á kostnaðarauka í tengslum við framleiðslu með nýrri endurnýjanlegri orku samkvæmt leiðbeiningunum. Annar mikilvægur ávinningur fæst af því að nota aðferðina sem var valin. Í fyrsta lagi er núvirkisáferðin sú aðferð sem almennt er notuð í orkugeiranum sem og í öðrum iðngreinum. Með því að vísa til markaðsverðs eru valin hlutlæg og aðgengileg viðmið. Með því að nota þessa aðferð fyrir öll verkefni sem sótt er um styrk fyrir getur Enova borið saman mismunandi verkefni sem keppa um ríkisaðstoð á jöfnum grundvelli og veitt styrki til þeirra verkefna sem hafa besta hlutfallið milli aðstoðar og umhverfisávinninga. Í öðru lagi mun aðferðin tryggja að verkefnið fái eingöngu þá fjárhæð sem nauðsynleg er til þess að koma því á markað.

Stjórnvöld í Noregi telja að ef fylgja ætti umhverfisverndarleiðbeiningunum bókstaflega yrðu þau að bæta rekstraraðstoðarkerfi við fjárfestingaraðstoðarkerfið, en aðstoð samkvæmt slíku rekstraraðstoðarkerfi myndi einnig að lokum vera ákvörðuð á grundvelli útreiknings á hreinu núvirði. Rekstraraðstoð, sem þannig væri veitt, yrði í reynd kerfi um fjárfestingaraðstoð þar sem styrkurinn yrði greiddur í hlutum en ekki allur í einu, án verulegs munar á styrkmöguleika, en væri ógagnsærra og stjórnsýslulega séð flóknara kerfi⁽⁴⁰⁾. Í tilkynnta kerfinu myndi Enova eingöngu taka þátt í fjárfestingum verkefnisins.

Í svari sínu frá 15. júlí 2006 fallast stjórnvöld í Noregi á þá niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA í ákvörðuninni um að hefja málsmeðferð að aðferð Enova leiði almennt séð til fjárfestingaraðstoðar sem er undir eða jöfn kostnaðarauka við fjárfestingu í endurnýjanlegu orkuveru. Hins vegar mótmæla stjórnvöld í Noregi hámarki á afskriftir af orkuverum. Það fæli í sér að litið yrði fram hjá þeirri staðreynd að verkefni eiga einnig að fá að skila sanngjarnri ávöxtun, eins og kveðið er á um í 54. mgr. umhverfisverndarleiðbeininganna og beitt er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um Q7 verkefnið um vindorku á grunnsævi⁽⁴¹⁾. Þar sem hæfileg ávöxtun verður ákvörðuð á grundvelli niðurstaðna óháðs sérfræðings telja stjórnvöld í Noregi að engin hætta sé á ofgreiðslum vegna of hárrar ávöxtunar.

Hvað varðar kröfuna um að styrkt verkefni skuli ekki fá neina frekari aðstoð, sjá 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum fallast stjórnvöld í Noregi á að takmarka beri stuðning sem Orkusjóður veitir. Stjórnvöld í Noregi telja að tvenns konar tilhögun muni tryggja slíka takmörkun. Þegar Enova metur slíka aðstoð verða í fyrsta lagi allar þekktar tekjur (greiðsluflæði) teknar með í reikninginn, óháð því t.d. hvort annar ríkisstuðningur teljist vera ríkisaðstoð. Þessir þættir verða teknir með í reikninginn á tekju- eða kostnaðarhlið, þar sem við á, og munu þar af leiðandi draga úr þörfinni á frekari styrkjum frá Enova. Í öðru lagi, að því er varðar hugsanlega innleiðingu á grænu vottunarkerfi, vísa stjórnvöld í Noregi til ákvæðis í samningi sem gerður verður við styrkþega um að hann verði að endurgreiða, með vöxtum, alla aðstoð sem hann fær frá Orkusjóðnum, ef hann fer inn á vottaðan markað.

Á meðan formleg rannsókn á kerfinu fór fram lögðu stjórnvöld í Noregi til breytingu að því er varðar verkefni sem hefðu neikvætt hreint núvirði jafnvel þótt þau fengju styrk úr Orkusjóði. Þessa breytingu er nú að finna í 9. mgr. undirkafla I.9.1 og felur í sér að verkefni sem sýna neikvætt EBIDTA við eðlileg rekstrarskilyrði þegar ráðist er í fjárfestingar geta ekki fengið neina aðstoð.

⁽⁴⁰⁾ Sjá einnig kaflann um upplýsingar frá stjórnvöldum í Noregi í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 122/05/COL, bls. 12 og áfram.

⁽⁴¹⁾ Ríkisaðstoð N 707/2002 – Holland, MEP til að efla endurnýjanlega orku.

II. MAT

1. Ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Ákvæði 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóða svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

1.1 Ríkisfjármunir

Samkvæmt 61. gr. EES-samningsins verður aðstoðin að koma frá ríkinu eða vera veitt af ríkisfjármunum. Í tilvikinu, sem hér um ræðir, fá ýmis fjárfestingarverkefni stuðning í formi styrkja úr ríkissjóði og með gjaldi á taxta dreifingarfyrtækja. Fjármögnun í formi beinna framlaga úr ríkissjóði fullnægir viðmiðinu „ríkisfjármunir“.

Að því er varðar tekjur af gjöldum á taxta dreifingarfyrtækja bendir Eftirlitsstofnun EFTA á að samkvæmt viðurkenndri dómaframkvæmd og starfsvenjum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er um að ræða ríkisaðstoð þegar peningar eru fluttir úr sjóði sem stofnsettur er af ríkinu og sjóðurinn fær framlög sem ríkið mælir fyrir um eða stjórnar⁽⁴²⁾. Í þessu tilliti verður að komast að niðurstöðu um hvort ríkið fór með umsjón fjárins sem um ræðir⁽⁴³⁾. Til þess að teljast ríkisfjármunir nægir að hið opinbera hafi varanlega umsjón með fénu⁽⁴⁴⁾.

Orkusjóði var komið á fót af norska ríkinu. Opinber stofnun Enova, sem er í eigu norska ríkisins í gegnum olíu- og orkumálaráðuneytið, annast rekstur Orkusjóðs. Sjóðnum var komið á fót til að fullnægja pólitískum markmiðum norska ríkisins og til að stuðla að orkumarkmiðum norska ríkisins í sambandi við Kýótóbókunina. Í þeim tilgangi leggur norska ríkið á skyldubundið gjald með reglugerð (sjá undirkafla I.3) sem á að fjármagna sjóðinn. Ríkið ákvarðar jafnframt upphæð þessa gjalds. Tekjur af gjaldinu renna beint til Orkusjóðs sem úthlutar þeim til valinna verkefna. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að norska ríkið hafa varanlega umsjón með gjalddökunni og að hún feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

1.2 Ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ívilnað

Við þetta bætist að til þess að ráðstöfun teljist aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður hún í fyrsta lagi að veita styrkþega ávinning sem leysir hann undan kostnaði sem hann bæri að jafnaði sjálfur. Í öðru lagi verður aðstoðin að ívilna sérstaklega „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“. Í því, sem hér fer á eftir, verður gerður greinarmunur á fjárfestingaraðstoðarkerfum, þ.m.t. ráðstöfunum sem tengjast orkuúttektum og fræðslu/kennslu.

1.2.1 Almenn athugasemd: Mat á Orkusjóðskerfinu sem slíku, en ekki á einstökum styrkveitingum samkvæmt kerfinu

Í málinu, sem hér um ræðir, kunna stuðningsráðstafanirnar, sem lýst er hér á eftir, að hafa verið veittar einstaklingum fremur en fyrirtækjum (þetta á t.d. við um sumar ráðstafanir sem tengjast kennslu og fræðslu) eða fremur varðað fræðslu en efnahagsstarfsemi. Hins vegar var engin hinna mismunandi stuðningsráðstafana takmörkuð formlega (með lögum eða stjórnýslufyrirmælum)

⁽⁴²⁾ Mál 173/73 *Ítalía* gegn framkvæmdastjórninni [1974], dómásafn 709, mál 78/76 *Steinike* gegn *Þýskalandi* [1977], dómásafn 595, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 707/2002 – Holland, sjá undanfarandi neðanmálsgrein; N 490/2000 – Ítalía, Óafturkræfur kostnaður í raforkugeiranum.

⁽⁴³⁾ Jacobs aðallögmaður í máli C-379/98 *Preussen Elektra* gegn *Schleswig AG* [2001], dómásafn I-2099, 165. mgr. og áfram.

⁽⁴⁴⁾ Sjá mál T-67/94 *Ladbroke Racing Ltd* gegn framkvæmdastjórninni [1998], dómásafn II-1, 105. mgr. og áfram. Í þessu tilviki leikur enginn vafi á að hægt sé að eigna aðgerðina ríkinu, sem einnig innleiddi gjaldið. Þetta er önnur staða miðað við kerfið sem rætt er um í máli C-345/02 *Pearle BV, Hans Prijs Optiek Franchise BV og Rinck Opticiëns BV* gegn *Hoofdbedrijfschap Ambachten* [2004], dómásafn I-7139, sem varðaði gjöld sem innleidd voru af stjórn sem samanstóð af fagfólki.

við einstaklinga eða ákveðnar tegundir af starfsemi⁽⁴⁵⁾. Til að mynda mátti veita styrki til einkaaðila á sviði fræðslumála, sem gætu haft með höndum efnahagslega starfsemi, eða beina þeim til ákveðinna iðngreina (t.d. byggingarstarfsemi).

Tilkynningin í núverandi mynd og matið fjallar um Orkusjóð *sem slíkan* en ekki um einstakar styrkveitingar frá honum. Í tengslum við matið á Orkusjóðnum⁽⁴⁶⁾ þarf Eftirlitsstofnun EFTA því ekki að meta, til að mynda, hvort styrkir í einstökum málum, sem renna til sjálfseignarstofnana og fræðslustofnana, varða (efnahagslega) starfsemi fyrirtækis. Þar sem Orkusjóðskerfið innihélt ekki neinar takmarkanir í þessu tilliti er niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA sú – með þeim undantekningum sem um getur hér á eftir – að styrkir samkvæmt kerfinu hafi runnið til fyrirtækja.

Styrkir, sem eru veittir til opinbera geirans til þess að hrinda orkusparnaðarráðstöfunum í framkvæmd sem hluta af opinberri starfsemi þeirrar stofnunar, teljast ekki ríkisaðstoð. Þetta varðar einkum áætlun um orkusparnaðarráðstafanir sveitarfélaga. Þessi stuðningur telst ekki fela í sér aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, svo fremi hann takmarkist, eins og staðfest er af stjórnvöldum í Noregi, við opinbera starfsemi styrkþegans.

1.2.2 Fjárfestingarstyrkur (framleiðsla með endurnýjanlegri orku, orkusparnaðarráðstafanir, ný orkutækni og orkuúttektir)

Styrkir til ofangreindra fjárfestinga færa styrkþegum ávinning í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins annaðhvort með því að gera þeim kleift að fjárfesta í framleiðslu með endurnýjanlegri orku eða fjárfesta í ráðstöfunum sem draga úr orkunotkun þeirra eða gera fyrirtækinu (þegar um er að ræða orkuúttektir, með aukinni hæfni og orkugreiningu) kleift að nota orku á skilvirkari hátt, og þar með lækka almennan rekstrarkostnað fyrirtækisins enn frekar.

Styrkurinn er einnig sértækur. Að því er varðar fjárfestingarstyrk vegna framleiðslu með endurnýjanlegri orku miðast styrkurinn við ákveðinn flokk orkuframleiðenda.

Aðrar ráðstafanir eru einnig sértækar þar sem styrkjum er eingöngu úthlutað til ákveðinna fyrirtækja sem Enova velur eftir að hafa borið verkefnin saman í umsóknarferlinu og úrskurðað um hvaða verkefni það sé í umsóknarlotunni sem skili bestri orkunýtni og eigi því að fá styrk. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd⁽⁴⁷⁾ hefur því verið slegið föstu að í aðstæðum þar sem sjóður „hefur ákveðinn sveigjanleika sem gerir honum kleift að aðlaga fjárstuðning með tilliti til ákveðinna matsatriða, einkum val á styrkþegum, upphæð fjárhagsaðstoðar og skilyrði fyrir veitingu hennar (...) kann kerfið að koma ákveðnum fyrirtækjum í betri stöðu en öðrum“⁽⁴⁸⁾. Ekki er víst að öll verkefni sem fullnægja umsóknarviðmiðum fái styrk þar sem það fer eftir öðrum verkefnum sem það keppir við í umsóknarferlinu og þeirri fjárhæð sem Enova er reiðubúið að úthluta í hverri verkefnamatslotu. Þar sem Enova er frjálst að ákveða hversu oft og hvernig auglýst er eftir verkefnisumsóknum sem hún skipuleggur veitir kerfið Enova nægilegt svigrúm til að gera stuðningsráðstafanirnar sértækar⁽⁴⁹⁾.

Að því er varðar orkuúttektir er enn um að ræða sértæka ívilnun að því leyti að áætlunin (áætlun fyrir árið 2003, sjá undirkafla I.5.6) miðaðist við eigendur einkarekinna bygginga og opinberra bygginga með heildarflatarmál yfir 5000 fermetrar og við iðnfyrirtæki.

⁽⁴⁵⁾ Eftirlitsstofnun EFTA vill þó vekja athygli á að til að komast að því hvort styrkurinn hafi farið til „fyrirtækis“ þarf ekki að meta lagalega stöðu stofnunarinnar eða skipulag hennar heldur eru gæði fyrirtækisins metin með hliðsjón af starfseminni sem styrkt er. Í máli C-41/90 *Höfner og Elser* gegn *Macrotron* [1991] dómásafn, I-979; t.d. geta sjálfseignarstofnanir einnig stundað atvinnustarfsemi og átt í samkeppni við aðra, sjá t.d. mál 78/76 *Steinike & Weinlig*, sjá 42. nmgr., og mál C-67/96 *Albany, International BV* gegn *Stichting Bedrijfspensioenfonds Textielindustrie* [1999], dómásafn I-5751.

⁽⁴⁶⁾ Ef styrkurinn felur í sér aðstoð, sem sýnt verður fram á hér á eftir, felur Orkusjóður í sér aðstoðarkerfi. Sjá skilgreiningu á aðstoðarkerfi í staflíð d) í 1. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

⁽⁴⁷⁾ Mál C-241/94, *framkvæmdastjórnin* gegn *franska ríkinu* [1996], dómásafn I-4551, 23. mgr.

⁽⁴⁸⁾ Sjá einnig *Jacobs* aðallögmann í máli C-256/97 *DM Transport S.A* [1999], dómásafn I-3913, 39. og 40. mgr.

⁽⁴⁹⁾ Eigið mat Enova á hlutverki sínu á vefsiðu félagsins rennir stöðum undir þetta, en þar segir: „Enova SF hefur töluvert frjálstar hendur við val á og samsetningu á markmiðum sínum og stefnumótun“.

1.2.3 Áætlanir um upplýsingastarf og fræðslu á sviði orkunýtni

Eftirlitsstofnun EFTA telur að skilyrðinu um sértæka ívilnun sé ekki fullnægt að því er varðar *rafræna svarþjónustu* Enova þar sem ráðgjöf um orkunýtni er veitt öllum sem áhuga hafa án þess að Enova geti íhlutast neitt þar um.

Þá felst engin ríkisaðstoð í heimsóknnum á staðinn svo fremi um einkaheimili sé að ræða, þar sem umrædd aðstoð við þessar aðstæður er ekki veitt til fyrirtækja í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Jafnvel fyrir skilvirka notkun á orku í atvinnuhúsnæði kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að hún feli ekki heldur í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar sem ráðstöfunin stóð öllum þeim sem áhuga höfðu til boða án þess að Enova eða orkunýtnimiðstöðvar hennar gætu íhlutast þar um. Með öðrum orðum fullnægir ráðstöfunin ekki skilyrðinu um sértæka ívilnun.

Sértæk ívilnun er fyrir hendi í tengslum við stuðningsáætlunina um þróun á *kennsluefni og námskeiðum*, þar sem hún lækkar kostnað þróunaraðilans við að búa til slíkt efni eða áætlun, samanborið við aðra sem ekki fá slíkan stuðning. Eftirlitsstofnun EFTA er því ekki sammála stjórnvöldum í Noregi um að hún beiti of ströngum skilyrðum um að ívilnun sé sértæk í tengslum við áætlanir um kennsluefni og námskeið. Stuðningurinn miðast í fyrsta lagi við ákveðnar atvinnugreinar, t.d. miðaðist áætlunin 2002 m.a. við námsþjónustu í höndum einkaaðila og áætlunin 2004 við byggingariðnaðinn. Í áætluninni er lögð áhersla á að framboð á námi eigi að mæta þörfum atvinnulífsins, að hluta til með þátttöku einkarekinna iðnfyrirtækja í fjármögnun áætlunarinnar. Þetta veitir svigrúm fyrir þróun atvinnugreinabundinna lausna. Í öðru lagi veita báðar þessar áætlanir Enova áfram mjög mikinn ákvörðunarrétt. Stjórnvöld í Noregi leggja sjálf áherslu á að samkeppni milli verkefnanna sé nauðsynleg. Þar af leiðandi sé ekki tryggt að öll verkefni fái aðstoð, jafnvel þótt þau fullnægi tilteknum hlutlægum viðmiðum, þar sem sum þeirra gætu dottið út ef önnur verkefni í sömu matslotu fá herra mat. Það er heldur engin trygging fyrir því að verkefni sem vísað er frá fái stuðning í næstu lotu. Í áætlununum fyrir 2003 og 2004 er ennfremur að finna forgangslista þar sem sýnt er fram á að tiltekin verkefni, einkum þau sem eru ekki meðal verkefna í forgangi, muni hafa minni möguleika á aðstoð. Því telur Eftirlitsstofnun EFTA að stuðningurinn sé sértækur.

1.3 Rökun á samkeppni og áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna

Til þess að ráðstafanir geti talist aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verða þær að raska eða vera til þess fallnar að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

Í málinu, sem hér um ræðir, styrkja ráðstafanirnar samkeppnisstöðu hinna styrktu fyrirtækja á orku- og raforkumörkuðum á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem þau keppa, raunverulega eða hugsanlega við aðra orkuframleiðendur⁽⁵⁰⁾.

Allmörg verkefni, sem áður höfðu fengið stuðning (sjá undirkafla I.6), kynnu að hafa fallið undir gerðina sem um getur í lið 1e í XV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 69/2001 frá 12. janúar 2001 um beitingu 87. og 88. gr. EB-sáttmálans gagnvart lágmarksaðstoð [*sic*]), vegna þess að úthlutaðir styrkir eru undir hámarki minniháttaraðstoðar. Hins vegar eru ekki öll styrkt verkefni undir hámarki minniháttaraðstoðar. Né heldur var það gert að skilyrði samkvæmt kerfinu.

Þar eð raforkumarkaðurinn hefur að miklu leyti verið gefinn frjáls og flæði er í viðskiptum með orkuvörur og raforku milli EES-ríkjanna (t.d. flytur Noregur inn og út ákveðið hundradshlutfall raforku sinnar) snertir hin (hugsanlega) rökun á samkeppni, sem lýst hefur verið, önnur fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta kemur enn betur fram sé litið á þá staðreynd að höfð eru viðskipti með ýmsar tegundir raforku í Nordpool, sem er sameiginleg orkukauphöll fyrir Norðurlöndin. Orkusjóðskerfið raskar því eða er til þess fallið að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna.

⁽⁵⁰⁾ Til dæmis í tengslum við raforkuframleiðendur sem eru háðir hefðbundnum orkugjöfum eða, nú sem stendur, í tengslum við vatnsorkuframleiðendur eða aðra framleiðendur á endurnýjanlegri orku sem ekki eru styrktir af Enova, eða fyrirtæki sem ekki eru styrkt til að nota orkunýtniráðstafanir.

2. Ný aðstoð

Eins og fram kemur í undirkafla II.1 felur kerfi Orkusjóðs í sér aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Nauðsynlegt er að ákvarða hvort það felur einnig í sér nýja aðstoð sem hefði átt að tilkynna tímanlega til að Eftirlitsstofnun EFTA gæti metið það, sjá 2. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Ný aðstoð er skilgreind sem öll aðstoð (...) „sem er ekki yfirstandandi aðstoð, þar með taldar breytingar á yfirstandandi aðstoð“, sjá staflað c) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Stjórnvöld í Noregi telja að áætlanirnar, sem sameinaðar voru í Orkusjóði, hafi verið við lýði fyrir aðild Noregs að Evrópska efnahagssvæðinu. Því hafi áætlanirnar upphaflega falið í sér yfirstandandi aðstoð í skilningi ii. liðar staflaðar b) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Með tilkynningunni tilkynntu stjórnvöld í Noregi Eftirlitsstofnun EFTA breytingar á gildandi aðstoðarkerfum. Helstu breytingarnar voru:

- i) Sameining á yfirstandandi kerfum í nýstofnuðum Orkusjóði árið 2002
- ii) Ný stjórnun á aðstoðinni með stofnun nýrrar stjórnsýslustofnunar Enova sem kom í stað stofnunar sem áður bar ábyrgð á þessum málum, þ.e. vatna- og orkumálastofnunar norska ríkisins
- iii) Þróun Stórþingsins á nýjum orkumarkmiðum sem þýðir að ráðstafanir samkvæmt kerfunum áttu nú að ná mælanlegum markmiðum um orkunýtni og framleiðslu
- iv) Að lokum ný fjármögnunartilhögun (gjald af taxa dreifingarfyrtækja)

Þessum breytingum fylgdu ný lög um Enova sem hafa áhrif á veittan stuðning á þann hátt að ráðstafanirnar áttu nú að fullnægja nýjum stefnumiðum sem norska ríkið og Enova komu sér saman um 2002.

Breytingarnar voru ekki eingöngu af tæknilegu eða stjórnsýslulegu tagi (sjá 1. mgr. 4. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA frá 14. júlí 2004 ⁽⁵¹⁾), heldur viku þær að verulegu leyti frá áðurgildandi kerfi og lagamma þess. Í samræmi við dóm Evrópudómstólsins í málinu *Namur Les Assurances* ⁽⁵²⁾ verður í fyrsta lagi að ákvarða nýja aðstoð með tilvísun í ákvæði sem henni liggja til grundvallar. Í þessu tilliti ber að taka fram að með stofnun Orkusjóðs og Enova voru settar algerlega nýjar reglur um styrki úr Orkusjóði og um fjármögnun á honum. Í öðru lagi var orkulögum frá 29. júní 1990 breytt með samþykkt Stórþingsins frá 5. apríl 2001. Með þeirri lagabreytingu var ríkisstjórninni heimilað að skuldbinda orkudreifingarfyrtækja (með leyfi, *omsetningskonesjonar*) til að bæta gjaldi við raforkudreifingartaxtann sem hinn endanlegi neytandi greiddi. Þetta gjald á síðan að nota til þess að fjármagna Orkusjóðinn. Í þá nýsamþykktu reglugerð ríkisstjórnarinnar frá 10. desember 2001 er mælt nánar fyrir um hvernig innheimta eigi þetta gjald og færa til Orkusjóðs. Í frumvarpinu, sem lá til grundvallar lagabreytingunni, hafði ríkisstjórnin skilgreint ný og hlutlæg orkumarkmið (sjá undirkafla I.4) sem áttu að nást innan tiltekins tímaramma með stofnun Orkusjóðs og Enova. Nánar er kveðið á um markmiðin og hvernig eigi að ná þeim í samningi milli ráðuneytisins og Enova. Með nýrri reglugerð um Orkusjóð er hann settur undir olíu- og orkumálaráðuneytið og kveðið á um að honum skuli stjórnað af Enova. Þetta sýnir að á árunum 2000 og 2001 var lagaákvæðum um stuðning við orkunýtniráðstafanir breytt verulega og þau aukin.

Þessar lagalegu og stjórnsýslulegu breytingar voru gerðar í því skyni að breyta gildandi stuðningstilhögun verulega og að skapa algerlega nýja leið til að fjármagna orkusparnaðarráðstafanir og framleiðslu með endurnýjanlegri orku ⁽⁵³⁾. Samruni hinna tveggja nýju kerfa er meira en hreint tæknilegt formsatriði þar sem sameining þeirra undir einum hatti var gerð til að ná fram markvissari ríkisstuðningi og áþreifanlegri árangri með tilliti til stefnumiða tengdra sjálfbærri orku. Ákvörðun

⁽⁵¹⁾ Ákvörðun 195/04/COL.

⁽⁵²⁾ Mál C-44/93 *Namur-Les Assurances du Crédit* gegn *Office National du Ducroire og belgiska ríkinu* [1994], dómarsafn I-3829.

⁽⁵³⁾ Sjá túlkun Fennelly aðalögmanns í málum C-15/98 og C-105/99, *Lýðveldið Ítalía gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna* [2000], dómarsafn II-8855, 61. mgr. og áfram, þar sem því er haldið fram að lagalegar breytingar verði að breyta kerfinu að verulegu leyti, þ.e. vera meira en bara formlegar breytingar.

um að styrkja verkefni verður nú að taka mið af því hvort það getur stuðlað að þeim nýju markmiðum sem Stórþingið setti, en það er veruleg breyting á áðurgildandi stuðningstillhögun.

Með alveg nýju stjórnskipulagi er valdsviðið fært frá vatna- og orkumálastofnun norska ríkisins, sem þessi mál heyrðu áður undir, til nýstofnaðrar stjórnsýslustofnunar, Enova. Samkvæmt samningi við ráðuneytið ber Enova skylda til að stýra Orkusjóði til að ná nýlega skilgreindu markmiði Stórþingsins og til að stýra sjóðnum til samræmis við nýsamþykktu löggjöf. Einnig er Enova hvatt til þess að stuðla, með stjórnun sjóðanna, að samkeppni á markaðinum. Þetta sýnir að Enova heldur ekki aðeins áfram starfsemi vatna- og orkumálastofnunarinnar heldur eru henni falin ný verkefni og skyldur, og felur það í sér verulegar breytingar á fyrri kerfum.

Loks skiptir það máli að nýrri fjármögnunartillhögun hefur verið komið á. Í stað fjárframlaga eru stuðningsráðstafanir (í auknum mæli) fjármagnaðar með tekjum af gjaldi á taxa dreifingarfyrrtækja, sem notaðar eru til að fjármagna Orkusjóð. Þótt stjórnvöld í Noregi hafi bent á að gjaldtökunni sem slíkri hafi verið komið á áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi breytir það ekki niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA að innleiðing hinnar nýju fjármögnunartillögunar hafi leitt til verulegra breytinga. Fyrir 2002 var gjaldtökunni stjórnað af dreifingarfyrrtækjunum, einkum til að fjármagna sína eigin upplýsingastarfsemi tengda orkunýtni. Nú er gjaldið ákvarðað af norska ríkinu og lýtur eftirliti ríkisins sem eyrnamerkir það til að fjármagna Orkusjóð. Sjóðurinn getur notað féð í ýmiss konar stuðningsráðstafanir en ekki eingöngu til upplýsingastarfsemi⁽⁵⁴⁾. Með hliðsjón af því sem hér hefur verið talið er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að breytingarnar á fjármögnunarkerfinu séu verulegar.

Umræddar breytingar breyta aðstoðaráætlunum sem slíkum án þess að vera aðskiljanlegur hluti fyrirliggjandi áætlana⁽⁵⁵⁾. Hin nýja fjármögnun- og stjórnsýslutillhögun, sem og skylda Enova til að ná nýskilgreindum orkumarkmiðum, varðar sjálfa uppbyggingu stuðningsáætlunarinnar og gildir um allar ráðstafanir sem fá styrk úr Orkusjóði. Breytingarnar voru gerðar til þess að nota mætti opinbert fé betur og ná meiri sjálfbærri orkunýtni, og því var nauðsynlegt að koma á nýju skipulagi og setja ný markmið. Þetta nýja skipulag og þessi nýju markmið eru ráðandi í sérhverri ákvörðun um stuðning og ekki er hægt að líta á þau sem aðskiljanlegan hluta fyrirliggjandi aðstoðarráðstafana.

Því flokkast tilkynntar breytingar sem ný aðstoð í skilningi stafliðar c) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Orkusjóður hóf starfsemi 1. janúar 2002, þ.e. fyrir júní 2003 þegar hann var tilkynntur Eftirlitsstofnun EFTA. Starfsemi Orkusjóðs var því tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA of seint og brýtur þannig í bága við stöðvunarákvæði 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Þessi aðstoð flokkast einnig sem „ólögleg aðstoð“ í skilningi stafliðar f) í 1. gr. II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Heimilt er að endurheimta alla ólöglega aðstoð sem ekki telst samrýmast staflið c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3. Samrýmanleiki við framkvæmd EES-samningsins

Eftirlitsstofnun EFTA telur að aðstoðarráðstafanirnar falli ekki undir neitt undanþáguákvæðanna í 2. mgr. 61. gr. eða staflið a), b) eða d) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Því verður að meta hvort hægt er að réttlæta aðstoðina samkvæmt staflið c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt því ákvæði getur aðstoð talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins ef um er að ræða „aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“.

Eftirlitsstofnun EFTA mun meta Orkusjóð í samræmi við staflið c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins í ljósi umhverfisverndarleiðbeininga stofnunarinnar. Samkvæmt þeim leiðbeiningum bar EFTA-ríkjunum að laga aðstoðarkerfi sín á sviði umhverfisverndar að leiðbeiningunum fyrir 1. janúar 2002.

⁽⁵⁴⁾ Í viðeigandi tillögum ríkisstjórnarinnar fjölluðu stjórnvöld í Noregi sjálf um fjármögnunarkerfið sem „nýtt“.

⁽⁵⁵⁾ Mál T-195/01 og T-207/01, *heimastjórn Gíbraltar og Konungsríkið Spánn gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna* [2001], dómásafn II-3915, 111. mgr.

Í eftirfarandi mati mun Eftirlitsstofnun EFTA gera greinarmun annars vegar á kerfi Orkusjóðs eins og það var tilkynnt stofnuninni og eins og því hefur verið beitt frá 1. janúar 2002 (sjá undirkafla II.3.1) og hins vegar sama kerfi með þeim breytingum sem stjórnvöld í Noregi hafa lagt til að gerðar verði í þeim tilgangi að gera aðstoðina samrýmanlega EES-reglum um ríkisaðstoð (sjá undirkafla II.3.2).

3.1 *Mat á Orkusjóðnum eins og hann var tilkynntur Eftirlitsstofnun EFTA*

3.1.1 *Fjárfestingarstuðningur (framleiðsla með endurnýjanlegri orku, fjárfestingar í orkusparnaði, ný orkutækni, orkuúttektir)*

Í ákvörðun sinni frá 18. maí 2005 um að hefja formlega rannsókn lét Eftirlitsstofnun EFTA í ljós efasemdir um að fjárfestingaraðstoðin frá Orkusjóði gæti talist samrýmanleg umhverfisverndarleiðbeiningunum.

Í athugasemdum sínum frá 15. júlí 2005 um ákvörðunina um að hefja málsmeðferð færðu stjórnvöld í Noregi rök fyrir því að heimila ætti kerfið beint samkvæmt staflað c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirlitsstofnun EFTA fellst ekki á þessa afstöðu, a.m.k. að því leyti sem viðkomandi stuðningur fellur undir umhverfisverndarleiðbeiningarnar. Að mati stofnunarinnar á WRAP-ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna⁽⁵⁶⁾ ekki við hér. Munurinn á þessum tveimur málum er að í leiðbeiningunum er ekki kveðið á um neina fjárfestingaraðstoð í tengslum við endurvinnslu, en stuðningur til að fjárfesta í endurnýjanlegri orku fellur undir umhverfisverndarleiðbeiningarnar. Eftirlitsstofnun EFTA er bundin af sínum eigin leiðbeiningum⁽⁵⁷⁾. Því telur stofnunin að hún geti ekki litið fram hjá ákvæðum kaflans um fjárfestingaraðstoð í leiðbeiningunum (sjá undirkafla D.1.3, einkum 27. mgr., og 32. mgr. í undirkafla D.1.7 eða kaflann um rekstraraðstoð (54. mgr. í undirkafla D.3.3.1) sem taka til endurnýjanlegra orkugjafa) og aðstoðarhlutföllunum sem þar eru tilgreind.

1) Fjárfestingaraðstoð til framleiðslu með endurnýjanlegri orku

Fjárfestingar í framleiðslu með endurnýjanlegri orku geta fengið aðstoð sem nemur allt að 40% af styrkhæfum kostnaði eða ef nauðsyn krefur allt að 100% af styrkhæfum kostnaði, sjá 27. mgr. í undirkafla D.1.3 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Í 31. mgr. í undirkafla D.1.6 er útskýrt hvað fellur undir styrkhæfan kostnað, þ.e. fjárfestingar í landi, byggingum, orkuverum og búnaði og við tiltekna aðstæður óáþreifanlegum eignum. Í 32. mgr. í undirkafla D.1.7 er kveðið á um að styrkhæfur kostnaður sé munurinn á fjárfestingarkostnaði vegna orkuvers sem framleiðir með endurnýjanlegri orku og fjárfestingarkostnaði hefðbundins orkuvers (hér á eftir kölluð „kostnaðaraukaaðferðin“).

Í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn⁽⁵⁸⁾ benti Eftirlitsstofnun EFTA á að styrkurinn til framleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum grundvallist ekki á kostnaðaraukaaðferðinni sem mælt er fyrir um í 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í leiðbeiningunum. Eftirlitsstofnunin taldi jafnframt að án breytinganna, sem stjórnvöld í Noregi lögðu síðar til, væri engin trygging fyrir því að styrkurinn héldist innan 40% hámarksins. Þá væri engin trygging fyrir því að hann yrði áfram innan 100% hámarks aukakostnaðar né að kerfið leiddi ekki til ofgreiðslna. Engin trygging væri til að mynda fyrir því að eingöngu styrkhæfur fjárfestingarkostnaður fengi styrk og að fyrirtæki fengi enga aðstoð umfram þá sem væri nauðsynleg til að hleypa verkefninu af stokkunum. Því var það bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA að ekki væri hægt að réttlæta Orkusjóð, eins og hann var tilkynntur, á grundvelli ákvæða kaflans um fjárfestingaraðstoð (sjá undirkafla D.1.3 í umhverfisverndarleiðbeiningunum) og teldist hann því ósamrýmanleg ríkisaðstoð.

Athugasemdir stjórnvalda í Noregi hafa ekki bægt frá þessum efasemdum. Að því er varðar styrk vegna hugsanlega óstyrkhæfs kostnaðar telja stjórnvöld í Noregi að frá 1. janúar 2005 hafi Enova eingöngu samþykkt aðstoð vegna kostnaðar sem tilgreindur er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar varðandi Finnland N 75/2002, en áður hefðu einnig verið veittir styrkir vegna annars kostnaðar (t.d. fjármagnskostnaðar), jafnvel þótt hann væri eingöngu brot af heildarkostnaðinum. Þar sem reglur Orkusjóðs, eins og hann var tilkynntur, kveða

⁽⁵⁶⁾ Sjá 39. nmgr.

⁽⁵⁷⁾ Mál C-351/98, *Konungsríkið Spánn gegn framkvæmdastjórninni* [2002], dómasafn I-8031, 76. mgr.

⁽⁵⁸⁾ Sjá undirkafla II.3.1.1. í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 122/05/COL.

ekki skýrt á um hvaða kostnaður sé styrkhæfur er hættan á því að reikna með óstyrkhæfan kostnað raunverulega til staðar. Á sama hátt geta rök stjórnvalda í Noregi, um að samkeppnisþáttur aðstoðaráætlunarinnar *takmarki* möguleikana á ofgreiðslum, ekki breytt niðurstöðum Eftirlitsstofnunar EFTA um að kerfið hefði ekki neinar virkar lagalegar takmarkanir sem tryggðu að stuðningnum yrði haldið innan markanna sem kveðið er á um í ákvæðum þess kafla leiðbeininganna sem snýr að fjárfestingaraðstoð. Án slíkra reglna væri það tilviljunum háð hvort greiðslur yrðu of háar.

Eftirlitsstofnun EFTA vísar ekki frá þeirri skoðun sinni, sem fram kemur í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn, að kerfið, sem tilkynnt hefur verið, fullnægi ekki heldur skilyrðum 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1. Ekki varð séð að til væru breytur sem tryggðu að aldrei væri farið yfir hámarkið í 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1. Hvorki var nein trygging fyrir því að eingöngu fjárfestingarkostnaður yrði tekinn með í reikninginn (54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 takmarkast við afskriftir á orkuverum) né heldur væri nægilega ljóst hvernig ætti að ákvarða afvöxtunarstuðul og hvernig ætti að tryggja að aðstoðin færi aldrei yfir nauðsynlega fjárhæð til að ná hreinu núllnúvirði.

Niðurstaðan er að hið tilkynnta kerfi Orkusjóðs fullnægir ekki samrýmanleikaskilyrðum umhverfisverndarleiðbeininganna.

2) Aðstoð til orkusparnaðar

Fjárfestingar vegna orkusparnaðar (hugtakið orkusparnaður er skilgreint í 7. mgr. í kafla B í umhverfisverndarleiðbeiningunum) geta fengið aðstoð sem nemur allt að 40 % af styrkhæfum kostnaði skv. 25. mgr. í undirkafla D.1.3 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Í 31. mgr. í undirkafla D.1.6 í umhverfisverndarleiðbeiningunum eru viðkomandi fjárfestingar skilgreindar, þ.e. fjárfestingar í landi, orkuverum og búnaði og, með ákveðnum skilmálum, óáþreifanlegum eignum. Í 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í umhverfisverndarleiðbeiningunum er aðstoðin takmörkuð við styrkhæfan kostnað sem er skilgreindur sem nauðsynlegur kostnaðarauki til að ná umhverfismarkmiðum. Ekki er heimilt að veita neina aðstoð vegna aðlögunar að Evrópubandalagsstaðli ⁽⁵⁹⁾, nema fyrirtækið sé lítið eða meðalstórt fyrirtæki.

Í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að styrkurinn væri ekki reiknaður samkvæmt aðferðinni um kostnaðarauka, sem mælt er fyrir um í 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Auk þess er honum ekki haldið innan 40 % markanna í 25. mgr. í undirkafla D.1.3 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Gagnstætt því sem gildir um fjárfestingaraðstoð til framleiðslu með endurnýjanlegri orku má aðstoð til orkusparnaðarráðstafana ekki fara yfir 40 % mörkin ⁽⁶⁰⁾.

Stjórnvöld í Noregi kveðast í reynd hafa fylgt aðferðum leiðbeininganna. Eftirlitsstofnun EFTA vildi ekki draga í efa að einstakir styrkir frá Orkusjóði kynnu í sjálfu sér að hafa samrýmst umhverfisverndarleiðbeiningunum. Þetta gerir þó Orkusjóðskerfið sem slíkt – sem hvorki gerði ráð fyrir neinum mörkum á aðstoðarhlutfalli né fylgdi kostnaðaraukaaðferðinni – ekki samrýmanlegt umhverfisverndarleiðbeiningunum.

Þar sem engri tilhögun var til að dreifa sem komið gæti í veg fyrir að aðstoðin, sem veitt var samkvæmt þessum stuðningsráðstöfunum, færi yfir 40 % aðstoðarmörkin þar sem kostnaður væri borinn saman við kostnað vegna hefðbundinnar orkuframleiðslu, verður að fara með Orkusjóðskerfið, eins og það var tilkynnt, sem ósamrýmanlega aðstoð.

3) Ný orkutækni

Í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ekki lægju fyrir nægar upplýsingar til að meta hvort verkefnið í þessum flokki tengdust framleiðslu með endurnýjanlegri orku ⁽⁶¹⁾. Á sama hátt var stofnunin í vafa um hvort verkefnið vörðuðu rannsóknar- og þróunarverkefni sem meta ætti samkvæmt 14. kafla um aðstoð á sviði rannsókna og þróunar í leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð.

⁽⁵⁹⁾ Tilvísun í Evrópubandalagsstaðal í tengslum við EES-samninginn kemur skýrt fram í umhverfisverndarleiðbeiningunum, sjá 5. mgr. kafla A í leiðbeiningunum.

⁽⁶⁰⁾ Sjá undirkafla II.3.1.2 í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn, ákvörðun 122/05/COL.

⁽⁶¹⁾ Sjá undirkafla II.3.1.3 í ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja formlega rannsókn, ákvörðun 122/05/COL.

Meðan formleg rannsókn fór fram greindu stjórnvöld í Noregi frá því að stuðningur í þessum flokki myndi ekki renna til verkefna á rannsóknar- og þróunarstigi, heldur einkum verkefna sem tengdust framleiðslu með endurnýjanlegri orku og í nokkrum mæli til orkusparnaðarráðstafana. Upplýsingar, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram um verkefni undir þessum lið, sýndu að aðeins fáir þessara flokka hefðu til þessa fengið stuðning. Verkefnið „stuðningur við nýja orkutækni“ telst því vera undirflokkur fjárfestingaraðstoðar til orkusparnaðarráðstafana eða framleiðslu með endurnýjanlegri orku.

Að því er varðar Orkusjóð, eins og hann var tilkynntur, telur Eftirlitsstofnun EFTA þó að í áætluninni um hann hafi ekki komið nógu skýrt fram að ný orkutækni-verkefni væru undirflokkar annarra stuðningsflokka og ættu því að vera metin samkvæmt sömu reglum. Hvað sem öðru líður telur stofnunin að kerfið, eins og það var tilkynnt, feli, líkt og aðrar stuðningsráðstafanir, ekki í sér neinar takmarkanir sem tryggja að viðeigandi mörk fyrir fjárfestingaraðstoð til framleiðslu með endurnýjanlegri orku og orkusparnaðarráðstafana séu virt, eða að eingöngu styrkhæfur fjárfestingarkostnaður fái aðstoð. Eftirlitsstofnun EFTA kemst því að þeirri niðurstöðu að hinn tilkynnti stuðningur fullnægi ekki skilyrðum umhverfisverndarleiðbeininganna.

4) Orkuúttektir

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn taldi eftirlitsstofnunin að hún hefði ekki nægar upplýsingar undir höndum til að meta hvort stuðningur í þessum flokki samrýmdist umhverfisverndarleiðbeiningunum, einkum 36. mgr. í undirkafla D.2 í umhverfisverndarleiðbeiningunum (aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki).

Varðandi þennan stuðningsflokk vísuðu stjórnvöld í Noregi, meðan rannsókn fór fram, til kerfis í Finnlandi sem heimilar að kostnaður vegna orkuúttekta sé tekinn með við útreikning á ríkisaðstoð (þ.e. ekki takmarkaður við lítil og meðalstór fyrirtæki). Stjórnvöld í Noregi leggja áherslu á að, líkt og finnska kerfið, geti fyrirtæki notið styrkja úr Orkusjóði Noregs til þess að láta fara fram orkuúttektir og greiningar, annaðhvort til að hjálpa þeim til að ná mögulegri orkunýtni, fjárfesta í orkusparnaði eða breyta um hegðun. Finnska kerfið hefur heimilað aðstoð til að mæta 40% af styrkhæfum kostnaði. Norska kerfið heimilaði 50% af styrkhæfum kostnaði.

Í fyrsta lagi telur Eftirlitsstofnun EFTA að Orkusjóðskerfið, eins og það var tilkynnt, feli ekki í sér neinar takmarkanir sem tryggðu að stuðningur við slíkar ráðstafanir færi ekki yfir 40% mörkin fyrir orkusparnaðarráðstafanir, eins og mælt er fyrir um í 25. mgr. í undirkafla D.1.3 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Einkum er stuðningur, sem nemur allt að 50% af styrkhæfum kostnaði, ekki í samræmi við umhverfisverndarleiðbeiningarnar.

Í öðru lagi telur Eftirlitsstofnun EFTA að ekki sé hægt að samþykkja aðstoð til orkuúttekta í tengslum við breytingar á hegðun einvörðungu, án nokkurra fyrirhugaðra fjárfestinga, á grundvelli undirkafla D.1.3 í umhverfisverndarleiðbeiningunum sem eingöngu miðast við fjárfestingaraðstoð. Samþykki framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við finnskt aðstoðarkerfi var takmarkað við slíka fjárfestingaraðstoð⁽⁶²⁾. Ætla mætti að frekari stuðningur vegna ráðgjafarþjónustu samrýmdist 36. mgr. í undirkafla D.2 í umhverfisverndarleiðbeiningunum túlkuðum í ljósi gerðarinnar sem vísað er til í lið 1f í XV. viðauka við EES-samninginn⁽⁶³⁾ (aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki). Ennfremur er þetta ekki afgerandi til að meta samrýmanleika aðstoðarkerfisins við EES-samninginn þar sem hinn tilkynnti Orkusjóður innihélt engar takmarkanir þar að lútandi. Því er ekki hægt að lýsa því yfir að kerfið samrýmist umhverfisverndarleiðbeiningunum.

3.1.2 Kennsluefni og fræðsla

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að tilkynntar áætlanir um námsefni og fræðslu voru ekki takmarkaðar við lítil og meðalstór fyrirtæki, eins og kveðið er á um í gerðinni sem tilgreind er í lið 1f í XV. viðauka við EES-samningsins (aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja)⁽⁶⁴⁾. Stuðningurinn var ekki heldur bundinn við aðstoð samkvæmt gerðinni, sem um getur í lið 1d í XV. viðauka við

⁽⁶²⁾ Ríkisaðstoð N 75/2002 – Finnland, sjá 26. nmgr.

⁽⁶³⁾ Sjá 29. nmgr.

⁽⁶⁴⁾ Sjá 29. nmgr.

EES-samninginn (aðstoð til menntunar) ⁽⁶⁵⁾. Eftirlitsstofnun EFTA þarf því ekki að leggja mat á hvort hægt er að réttlæta stuðningsráðstafanirnar samkvæmt þessum hópundanþágum. Þessi gerð stuðnings fellur ekki heldur undir umhverfisverndarleiðbeiningarnar.

Stjórnvöld í Noregi hafa haldið því fram að meta skuli aðstoð frá Orkusjóði, að öllu leyti eða að hluta, með vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins beint.

Til að meta hvort heimilt er að samþykkja slíka ráðstöfun með því að beita beint staflíð c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður Eftirlitsstofnun EFTA að ákvarða hvort stuðningurinn er nauðsynlegur og í hlutfalli við markmiðið sem honum er ætlað að ná.

Markmið stuðningsráðstöfunarinnar var að efla þekkingu og hæfni að því er varðar möguleika á orkusparnaði og orkunýtni. Í umhverfisverndarleiðbeiningunum kemur skýrt fram að orkusparnaðarráðstafanir, þótt þær tengist fjárfestingum, falli undir markmið sem geta fengið ríkisstuðning. Alla jafna stuðla orkunýtniráðstafanir að því að ná markmiðum Kýótóbókunarinnar um að draga úr gróðurhúsalofttegundum, og kunnátta og hæfni skipta miklu máli við að taka upp orkunýtniráðstafanir og hrinda þeim í framkvæmd. Að því er varðar það hvort stuðningurinn, sem hér um ræðir, sé nauðsynlegur var áætlunin miðuð við þróun *nýs* efnis og *nýrra* námskeiða og hefur útilokað þróun og endurskoðun á fyrirliggjandi námskeiðum þar sem námskeiðsgjöld áttu að mæta þeim kostnaði. Stuðningur samkvæmt áætluninni átti að hvetja til gerðar nýs efnis, sem mikil þörf var á, enda töldu stjórnvöld í Noregi að skortur væri á uppfærðu kennsluefni og námskeiðum í Noregi.

Stuðningurinn getur talist vera í réttu hlutfalli við markmið sitt og raskar ekki samkeppni í svo miklum mæli að það skaði almenna hagsmuni. Það er mikilvæg forsenda þessarar niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA að hætt var við kerfið og að það tók aðeins til 33 verkefna (eitt þeirra í höndum einstaklinga), þar sem hvert verkefni fékk takmarkaða fjárhæð aðstoðar. Fyrir 12 verkefnanna, sem tengdust stuðningi við stofnanir sem skráðar eru sem sjálfseignarstofnanir, var styrkurinn á milli 50 000 og 918 000 norskra króna, þ.e. 6 900 og 126 970 evrur ⁽⁶⁶⁾, en aðeins tvö verkefni fengu stuðning sem nam um 1 300 000 norskra króna (180 555 evrur). Að því er varðar aðstoð til háskóla og menntaskóla var styrkurinn á milli 200 000 og 450 000 norskra króna (27 662 og 62 240 evrur), en aðeins eitt styrkt verkefni fékk 875 000 norskra króna (121 023 evrur). Þá tók Enova aldrei á sig heildarkostnað verkefnisins, heldur takmarkaði framlagið við 50 % hans. Ennfremur var notað opið „aðstoðarútbod“ til að velja styrkþega og ákvarða fjárhæð aðstoðar. Útbóðið tryggði einnig að aðstoðin yrði takmörkuð við nauðsynlega fjárhæð og í hlutfalli við markmið sitt. Aðstoðin tengdist einnig verkefni og var því ekki rekstraraðstoð til að lækka fastan rekstrarkostnað rekstraraðilans. Því er hægt að komast að þeirri niðurstöðu að aðstoðin hafi ekki raskað samkeppni þannig að það skaðaði almenna hagsmuni. Því samrýmdist aðstoðin ákvæðum staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

3.1.3 Niðurstöður um kerfið eins og það var tilkynnt

Eftirlitsstofnun EFTA telur að stjórnvöld í Noregi hafi hrundið Orkusjóðskerfinu í framkvæmd á ólögum hátt og í bága við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Rafræn svarþjónusta Enova og heimsóknir á staðinn teljast ekki fela í sér aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Stuðningsráðstafanir vegna fjárfestinga (framleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum, orkusparnaður, orkuúttektir), eins og þær voru tilkynntar samrýmast ekki ákvæðum staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins með samanburðarskýringu við umhverfisverndarleiðbeiningarnar.

Stuðningurinn, sem var veittur til að þróa kennsluefni og námskeið frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2003, er samrýmanlegur framkvæmd EES-samningsins með beinni vísan til staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽⁶⁵⁾ Sjá 30. n. mgr.

⁽⁶⁶⁾ Gengið eins og það var birt á vefsíðu Eftirlitsstofnunar EFTA, ákveðið 7,23 fyrir árið 2003.

3.2 *Orkusjóðurinn með fyrirhuguðum breytingum stjórnvalda í Noregi*

3.2.1 *Fjárfestingaraðstoð*

1) Fjárfestingaraðstoð til framleiðslu með endurnýjanlegri orku

Aðstoðarhlutfall sem kveðið er á um í umhverfisverndarleiðbeiningunum

Til að meta norska fjárfestingaraðstoðarkerfið verður að byrja á því að ákvarða hámarksaðstoð sem verkefni getur fengið samkvæmt leiðbeiningunum. Í 27. mgr. í undirkafla D.1.3 í umhverfisverndarleiðbeiningunum er hámark ákveðið fyrir fjárfestingaraðstoð, sem á að takmarkast við 40 % af þeim kostnaðarauka fjárfestinganna sem er nauðsynlegur til að ná umhverfismarkmiðum. Heimilt er að styrkja 100 % af styrkhæfum kostnaði ef nauðsyn krefur.

Að auki heimila ákvæði 53. og 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum einnig rekstraraðstoð til að bæta fyrir hærri fjárfestingarkostnað á hverja einingu. Samkvæmt 54. mgr. er heimilt að veita aðstoð til þess að bæta mismuninn á framleiðslukostnaði endurnýjanlegrar orku og markaðsvirðis á viðkomandi orku. Hins vegar verður aðstoðin að takmarkast við afskriftir orkuvera sem litið er á sem afskriftir fjárfestinga. Ef EFTA-ríki getur sýnt fram á að aðstoðin sé óhjákvæmileg með tilliti til þess hve tilteknir endurnýjanlegir orkugjafar eru lítt samkeppnishæfir er einnig heimilt að telja með sanngjarna ávöxtun fjármagns.

Rekstraraðstoð telst alla jafna aðstoð sem á að létta útgjöldum af fyrirtæki sem það þyrfti venjulega að standa undir í daglegum rekstri eða við eðlilega starfsemi. Hins vegar er rekstrarkostnaður í tengslum við endurnýjanlega orkugjafa alla jafna lægri en fyrir hefðbundna tækni. Því má ætla að framleiðsla með endurnýjanlegri orku hafi í för með sér jákvætt tekjustreymi frá degi til dags, þ.e. þurfi ekki á neinni aðstoð að halda til að mæta rekstrarkostnaði.

Ákvæði 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum takmarka stuðninginn við afskriftir orkuvera (þ.e. fjárfestinga). Það, sem er bætt, er í raun hærri fjárfestingarkostnaður á hverja einingu, fremur en venjulegur rekstrarkostnaður. Þar af leiðandi er aðstoð, sem veitt er samkvæmt 54. mgr., í raun veitt til að styðja fjárfestingar fyrirtækis. Ef aðstoðin tæki til sanngjarnrar ávöxtunar fjármagns auk afskrifta eiginfjár næði hún til alls fjármagnskostnaðar og næmi að núvirði allri fjárfestingarfjárhæðinni. Framtíðarafskriftir eiginfjár að viðbætti tilskilinni ávöxtun yrðu að núvirði til afvaxtaðar með sama stuðli. Afvaxtaður kostnaður myndi nema efri mörkum aðstoðarinnar.

Umhverfisverndarleiðbeiningarnar heimila sameiningu fjárfestingaraðstoðar og rekstraraðstoðar. Við útreikning á tiltækri rekstraraðstoð ber að taka til greina alla fjárfestingaraðstoð til viðkomandi fyrirtækis, sjá 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Þannig mun öll fjárfestingaraðstoð, sem veitt hefur verið, dragast frá styrkhæfri upphæð vegna rekstraraðstoðar. Þetta sýnir að mörkin í 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum þjóna sem hámark fyrir veitingu fjárfestingaraðstoðar til verkefnis á sviði endurnýjanlegrar orku.

Aðstoð sem veitt er samkvæmt núvirðisaðferðinni sem Enova notar

Eins og lýst er í 4. og 7. mgr. undirkafla I.9.1 notar Enova núvirðisaðferð til að reikna fjárhæð aðstoðar þannig að verkefni ná hreinu núvirði á núlli, en skynsamur fjárfestir myndi telja það forsendu þess að hleypa verkefni af stokkunum og setja það á markað. Engin aðstoð verður veitt umfram þá fjárhæð sem nauðsynleg er til að ná hreinu núllnúvirði. Því er hægt að setja aðstoðarþáttinn fram sem:

(afvaxtað tekjuflæði (ATF) – (fjárfestingarkostnaður) + (aðstoð) = 0

Eins og sýnt er hér á undan er tekjuflæði af rekstri endurnýjanlegs verkefnis notað til að mæta upphaflegum fjárfestingarkostnaði. Fjárfestingarkostnaður vegna verkefna, sem tengjast endurnýjanlegri orku, er alla jafna hærri á hverja einingu en þegar um hefðbundna tækni er að

ræða. Hreinar tekjur (ATF-þátturinn hér á undan) munu því í mörgum tilvikum ekki vera nægilega háar til þess að mæta nauðsynlegum fjárfestingum. Til að hreint núvirði þessara verkefni nái núlli geta þessi verkefni því átt rétt á aðstoð.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur þó haft ákveðnar efasemdir um notkun þessarar aðferðar til að reikna aðstoð. Ástæðan fyrir því er að verkefni, sem ekki leiða til jákvæðs tekjuflæðis, geta einnig talist styrkhæf. Slík verkefni hafa í för með neikvætt AFT sem leiðir til þess að aðstoðin verður hærri en fjárfestingarkostnaðurinn og því hærri en hámarksaðstoðarhlutfallið.

Meðan ATF-þátturinn er jákvæður mun aðstoðin, sem veitt er til verkefnis, hins vegar aldrei fara yfir fjárfestingarkostnað. Til þess að taka á þessum vanda hafa stjórnvöld í Noregi fallist á að breyta kerfinu, eins og greint er frá í 9. mgr. undirkafla I.9.1, þannig að þau verkefni, sem hafa neikvætt ATF, eiga ekki rétt á neinni aðstoð frá Enova. Þetta tryggir að ekki verður farið yfir hámarkið með því að takmarka aðstoð við fjárfestingarkostnað.

Aftur á móti verður aðstoðarþátturinn tiltölulega hár til verkefna sem skila tiltölulega lágu ATF, en það leiðir til hás aðstoðarhlutfalls. Til að hægt sé að réttlæta þetta verður að færa sönnur á að aðstoðin, sem veitt er, sé „ómissandi“ eigi verkefni að komast í framkvæmd.

Ekki er hægt að ætla að nokkur skynsamur fjárfestir hleypi verkefni með neikvæðu hreinu núvirði af stokkunum. Þess vegna telur Eftirlitsstofnun EFTA að útreikningur á hreinu núvirði á grundvelli bestu fáanlegu upplýsinga á þeim tíma þegar aðstoð er veitt sé næg sönnun fyrir því að aðstoðin hafi verið óhjálpsleg. Þegar núvirðisaðferðin er notuð verður að taka tilhlýðilegt tillit til sérstakrar áhættu sem fylgir hverju verkefni þegar afvöxtunarsuðlar eru ákveðnir fyrir fjárfestingu. Í kjölfar viðræðna við Eftirlitsstofnun EFTA hefur Noregur beðið um óháða greiningu frá First Securities ⁽⁶⁷⁾ til þess að ákvarða afvöxtunarsuðla sem notaðir verða við að meta umsóknir um verkefni samkvæmt kerfinu. Í þessari skýrslu er lýst aðferðinni til að reikna rétta afvöxtunarsuðla sem grundvallast á fjármálaaðferð sem telst vera samkvæmt bestu starfsháttum.

Ennfremur hafa stjórnvöld í Noregi lagt áherslu á að þátttaka Enova sé bundin við fjárfestingarstig verkefnanna. Verkefni, sem hafa fengið fjárfestingarstyrk frá Enova, eigi ekki rétt á neinum frekari stuðningi samkvæmt umhverfisverndarleiðbeiningunum eftir að eingreiðsla hefur farið fram. Annar jákvæður þáttur er að aðstoðin er „boðin út“, þ.e. ólík verkefni keppa um stuðning og eingöngu hagkvæmstu verkefni, þar sem besta hlutfallið er milli aðstoðar og orkunýtni, fá styrk. Þessi aðferð stuðlar að því að eingöngu álitleg verkefni hljóta stuðning og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er.

Sérákvæði um lífmassa

Undanþága frá því, sem hér á undan greinir, er gerð vegna verkefna sem tengjast lífmassa. Ákvæði 55. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum heimila hærri heildarmörk fyrir slík verkefni en sem nemur fjárfestingarkostnaði. Ástæðan er sú að þessum verkefnum fylgir venjulega lítill fjárfestingarkostnaður en hár rekstrarkostnaður. Þegar um slík verkefni er að ræða telur Eftirlitsstofnun EFTA að heimilt sé að veita aðstoð samkvæmt útreikningum á hreinu núvirði án þess að miða við fjárfestingarkostnað sem hámark.

Líklegt aðstoðarhlutfall

Hér á undan hefur verið fjallað um hámarksaðstoðarhlutfall. Raunverulegt aðstoðarhlutfall verður þó mun lægra í flestum verkefnum sem eiga rétt á aðstoð frá Enova. Þetta stafar af því að verkefni í tengslum við endurnýjanlega orku hafa alla jafna lægri rekstrarkostnað, en það verður til þess að afvaxtað tekjuflæði er herra en fyrir hefðbundna tækni. Að teknu tilliti til þess að Enova úthlutar aðstoð til þeirra verkefna sem eru kostnaðarhagkvæmst á grundvelli innri samkeppni má ætla að flest verkefni fái aðstoð sem sé innan 100 % marka kostnaðarauka vegna fjárfestinga, eins og kveðið er á um í 27. mgr. í undirkafla D.1.3, þar sem hámarkinu, sem leiðir af beitingu 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1, er sjaldan náð.

⁽⁶⁷⁾ Bréf frá First Securities til Enova dagsett 16. desember 2004.

Mat á verkefnum tengdum framleiðslu með endurnýjanlegri orku styður þetta. Að meðaltali var aðstoðarhlutfall til styrktra verkefna á sviði vindorku, fjarhitunar og líforku um 24 % af heildarfjárfestingarkostnaði, með hámarksaðstoðarhlutfalli í einu verkefni tengdu vindorku sem nam 68 % og einu verkefni tengdu líforku sem nam 50 % af heildarfjárfestingarkostnaði ⁽⁶⁸⁾. Í tilvikum þar sem hægt er að sýna fram á að núvirkisáferðin leiði ekki til ofgreiðslna samkvæmt leiðbeiningunum er á hinn bóginn ekki nauðsynlegt að gera nánari grein fyrir þessu.

Loks telur Eftirlitsstofnun EFTA að með núvirkisáferðinni, eftir breytingar stjórnvalda í Noregi, sé veitt aðstoð innan markanna sem mælt er fyrir um í umhverfisverndarleiðbeiningunum, einkum 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1.

Enginn frekari stuðningur

Í ákvörðun sinni um að hefja formlega rannsókn lét Eftirlitsstofnun EFTA sig einnig varða hvort verkefni, sem voru fjármögnuð af Orkusjóði, hlytu frekari stuðning frá ríkinu, óháð því hvort þessi stuðningur teldist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins eða ekki, sjá 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Eftirlitsstofnun EFTA lýsti áhyggjum af því að slíkur viðbótarstyrkur leiddi til óþarfrar fjármögnunar, þar sem verkefni, sem Enova styrkti, næðu nú þegar hreinu núvirkni á núlli, að meðtalinni sanngjarnri ávöxtun, en það væri nokkuð sem nægði til þess að hleypa verkefninu af stokkunum.

Stjórnvöld í Noregi lögðu áherslu á að þátttaka Enova yrði bundin við fjárfestingarstig verkefnisins og að verkefnið fengi eingöngu lágmarkseingreiðslu til að hleypa fjárfestingunni af stokkunum og ekkert umfram það. Á meðan formleg rannsókn fór fram skýrðu stjórnvöld í Noregi enn fremur frá því tekið yrði mið af *öllum* tekjum við útreikning á tekjustreymi verkefnisins. Þetta myndi taka til tekna í tengslum við aðrar tegundir framlaga jafnvel þótt þær teldust ekki vera ríkisaðstoð. Ef ríkisstyrkur telst vera ríkisaðstoð verður að tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA svo hægt sé að meta fjárförf verkefnisins.

Með hliðsjón af hugsanlegri tilkomu norsks markaðar fyrir græn vottorð ⁽⁶⁹⁾ er skýrt kveðið á um endurgreiðslu styrkja úr Orkusjóði í samningnum við styrkþega til þess að koma í veg fyrir aðstoð úr tveimur áttum. Aðstoð til verkefnisins er enn fremur greidd út í áföngum og er hægt að leiðrétta ef kostnaður vegna verkefnisins verður lægri en gert var ráð fyrir. Þegar aðstoðarsamningi lýkur (þ.e. þegar síðasta greiðslan fer fram) mun Enova láta fara fram endanlegt mat og gera hugsanlegar leiðréttingar, komist Enova að því að styrkþegi hefur veitt villandi upplýsingar eða að verkefnið hefur fengið annan ríkisstuðning. Á grundvelli þess sem hér hefur verið rakið telur Eftirlitsstofnun EFTA að ákvæðum 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 sé fullnægt.

Enginn stuðningur við verkefni með neikvætt hreint núvirkni

Í ákvörðuninni um að hefja formlega rannsókn lýsti Eftirlitsstofnun EFTA áhyggjum þess efnis að Orkusjóður myndi einnig styrkja verkefni sem hefðu áfram neikvætt hreint núvirkni þrátt fyrir stuðning úr sjóðnum. Stjórnvöld í Noregi hafa nú greint frá því (sjá 9. mgr. undirkafla I.9.1) að verkefni, sem hafa í för með sér neikvætt EBITDA við eðlilegar rekstraraðstæður þegar ráðist er í fjárfestingar, gætu ekki notið aðstoðar. Því hefur verið brugðist við þessari athugasemd Eftirlitsstofnunar EFTA.

2) Orkusparnaðarráðstafanir

Stjórnvöld í Noregi leggja til breytingar á hinu tilkynnta kerfi (sjá undirkafla I.9.2) og ætla, til stuðnings orkusparnaðarráðstöfunum, að beita „kostnaðaraukaáferðinni“ sem kveðið er á um í 25. mgr. í undirkafla D.1.3, 30. og 31. mgr. í undirkafla D.1.6 og 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Aðstoðarhlutfall, sem nemur allt að 40% styrkhæfs

⁽⁶⁸⁾ Sjá undirkafla I.6.

⁽⁶⁹⁾ Með grænu vottorði er alla jafna átt við lágmarksverð ákveðið af ríkinu sem framleiðandi á „grænni orku“ fær frá dreifiaðila. Slík græn vottorð þurfa ekki að fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, en það fer eftir einstökum tilvikum. Stjórnvöld í Noregi hurfu frá sameiginlegum markaði fyrir græn vottorð með Svíþjóð í febrúar 2006.

kostnaðar með möguleika á 10% til viðbótar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, er einnig virt.

Eftirlitsstofnun EFTA tekur fram að þessi nálgun samrýmist umhverfisverndarleiðbeiningunum og samrýmist því starfsemi EES-samningsins.

3) Ný orkutækni

Stjórnvöld í Noregi staðfesta að stuðningur samkvæmt þessum flokki sé aðeins undirflokkur fjárfestingarstyrks til framleiðslu með endurnýjanlegri orku annars vegar og orkusparnaðarráðstafana hins vegar.

Svo framarlega sem viðeigandi reikningsviðmið, sem eru notuð fyrir fjárfestingarstyrk til framleiðslu með endurnýjanlegri orku (undirkafla I.9.1) og orkusparnaðarráðstafana (sjá I.9.2), eru einnig notuð fyrir þennan stuðningsflokk, verður að meta stuðninginn í þessum flokki samkvæmt sömu viðmiðum. Þannig verður hann samrýmanlegur umhverfisverndarleiðbeiningunum.

4) Orkuúttektir

Eftirlitsstofnun EFTA telur að kostnaður vegna orkuúttekta og orkugreininga geti fengið styrki skv. 25. mgr. í undirkafla D.1.3, með samanburðarskýringu við 31. mgr. í undirkafla D.1.6 og 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í umhverfisverndarleiðbeiningunum. Stofnunin fellst á að orkuúttektir, hagkvæmniathuganir og orkugreiningar séu oft nauðsynlegar til að meta hvaða orkusparnaðarráðstafanir séu þess virði að fjárfest sé í þeim ⁽⁷⁰⁾. Svo framarlega sem hann tengist fjárfestingu vegna orkusparnaðar viðurkennir Eftirlitsstofnun EFTA að kostnaður vegna orkuúttekta geti verið styrkhæfur. Aðstoð, sem veitt er á þessum grundvelli, má ekki fara yfir 40% af viðkomandi styrkhæfum kostnaði, með möguleikanum á allt að 10 prósentustigum að auki fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, sjá 30. mgr. í undirkafla D.1.5 í umhverfisverndarleiðbeiningunum.

Þegar um er að ræða orkuúttektir, sem eru gerðar til að innleiða hegðunar- eða kerfisbreytingar, telur Eftirlitsstofnun EFTA að þess sé enginn kostur að samþykkja slíkan stuðning nema hann tengist beint fjárfestingum til orkusparnaðar. Eingöngu er hægt að gera ráð fyrir slíkum möguleika fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Í 36. mgr. í undirkafla D.2 í umhverfisverndarleiðbeiningunum er heimilud aðstoð vegna ráðgjafarþjónustu við lítil og meðalstór fyrirtæki sbr. 5. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 1e í XV. viðauka við EES-samninginn (aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja) ⁽⁷¹⁾.

3.2.2 Ráðstafanir á sviði kennglu og fræðslu

Eftirlitsstofnun EFTA bendir á að sem stendur er ekkert slíkt stuðningskerfi fyrir hendi og að öll ný kerfi eru tilkynnt stofnuninni, svo að engin þörf er á að tilgreina hvort hægt sé að samþykkja slíka hugsanlega stuðningsráðstöfun í framtíðinni, sem í augnablikinu sé eingöngu reist á getgátum, á grundvelli reglna EES-samningsins um ríkisaðstoð.

3.2.3 Fjármögnunartilhögun

Samkvæmt viðtekinni dómafrankvæmd er ekki hægt að aðskilja aðstoðarráðstöfun frá aðferðinni sem hún er fjármögnuð með. Samkvæmt dómi Evrópudómstólsins getur fjármögnunartilhögun stuðningskerfis orðið til þess að öll aðstoðin teljist ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum ⁽⁷²⁾, sérstaklega ef hún felur í sér mismunun. Einkum er nauðsynlegt að meta fjármögnunarkerfið ásamt aðstoðarkerfinu þegar ljóst er að gjaldinu hefur augljóslega verið komið á til að fjármagna aðstoðarkerfið, eins og á við um Orkusjóð. Hægt væri að líta á slíkt gjald sem ráðstöfun með samþærilegum áhrifum og magntakmörkun, ef það aflétti byrðinni algerlega af innlendri vöru (sem á ekki við hér), eða innlendan skatt sem fæli í sér mismunun, ef það aflétti þessari byrði að hluta

⁽⁷⁰⁾ Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins samþykkti einnig slíkan kostnað í ríkisaðstoðarmálinu N 75/2002 – Finnland, sjá 26. nmgr.

⁽⁷¹⁾ Sjá 29. nmgr.

⁽⁷²⁾ Mál C-261/01 og C-262/0, *Belgíska ríkið gegn Calster, Cleeren, Openbaar Slachthuis NV*, [2003], dómasafn I-12249, 46. mgr. Mál C-47/69 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórninni* [1970], dómasafn 487, 4. mgr.

til ⁽⁷³⁾. Þegar kemur að því að meta slík áhrif verður að ákvarða fjárhagslegt samhengi milli gjaldsins og ávinningsins sem innlendir vörur hafa af því ⁽⁷⁴⁾. Í sumum tilvikum hefur dómstóllinn ekki eingöngu sundurgreint álagningu gjaldsins heldur einnig notkun þess ⁽⁷⁵⁾. Þar sem Orkusjóður er fjármagnaður með gjaldi á taxta dreifingarfyrtækja sem einnig hefur áhrif á innflutta orku verður einnig að meta fjármögnun aðstoðarkerfisins með skattatengdum gjöldum í þessu tilviki.

Orkusjóður mismunar ekki erlendum framleiðendum sem nota endurnýjanlega orku, í samanburði við innlenda framleiðendur, eða fyrirtækjum sem kynnu að vilja fjárfesta í orkusparnaðarráðstöfunum, nýrri orkutækni eða orkuúttektum. Stjórnvöld í Noregi hafa sýnt fram á að fram til þessa hafi átta verkefni í höndum framleiðenda frá öðrum EES-ríkjum fengið stuðning frá Orkusjóði. Ennfremur er ekki sjálfkrafa samhengi milli starfsemi, sem gjaldið er lagt á (orkuframleiðslu með vatnsorku og innflutnings), og verkefna sem fá aðstoð frá Orkusjóði. Álagning gjaldsins á sér stað á dreifingarstigi orkunnar, þ.e. gjaldið er ekki lagt beint á framleiðsluna ⁽⁷⁶⁾. Enda þótt færð væru rök fyrir því að þetta hefði óbein áhrif á framleiðslukostnað þá ívilnaði aðstoðin frá Enova ekki sjálfkrafa orkuframleiðendum þar sem gjaldið er lagt óbeint á. Aðstoðin fer aðallega til endurnýjanlegrar orku, að undanskilinni vatnsorku sem stendur. Hvað varðar orkusparnaðarráðstafanir og orkuúttektir geta öll fyrirtæki haft ávinning af þessum stuðningsráðstöfunum. Því er ekki hægt að slá því föstu að innflutt orka greiði fyrir ávinning innlendra framleiðenda og þess vegna jafnist gjaldið sem innlendir (vatns-)orkuframleiðendur greiða út með samsvarandi ávinningi.

Ráðstöfun gjaldsins tengist aðstoð sem Eftirlitsstofnun EFTA telur samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins, eins og fram kemur í undirkafla II.3.2. Fallist hefur verið á að gjald, reiknað út frá magni, sé í samræmi við meginregluna um að sá sem mengar skuli greiða fyrir það og því er hægt að fallast á það á grundvelli staflíðar c) í 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem og ákvæða umhverfisverndarleiðbeininganna þar sem mælt er fyrir um þessa meginreglu. Því sér Eftirlitsstofnun EFTA enga anmarka á kerfi sem byggist á magni ⁽⁷⁷⁾.

3.2.4 Niðurstaða um Orkusjóð með breytingunum sem stjórnvöld í Noregi lögðu til

Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er að fjárfestingaraðstoð vegna framleiðslu með endurnýjanlegri orku, orkusparnaðarráðstafana og vegna nýrrar orkutækni ásamt stuðningi við orkuúttektir samrýmist framkvæmd EES-samningsins, með fyrirvara um að stjórnvöld í Noregi noti Orkusjóðskerfið eins og fram kemur:

- í 1.–12. mgr. undirkafla I.9.1 að því er varðar fjárfestingarstyrk vegna framleiðslu með endurnýjanlegri orku,
- í 1.–5. mgr. undirkafla I.9.2 að því er varðar orkusparnaðarráðstafanir,
- í undirkafla I.9.3 að því er varðar nýja orkutækni,
- í 4. mgr. undirkafla II.3.2.1 að því er varðar orkuúttektir.

4. Endurheimt aðstoðar

Í samræmi við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA í undirkafla II.3.1.3 samrýmist fjárfestingarstyrkur til framleiðslu með endurnýjanlegum orkugjöfum, orkusparnaðaraðgerða og nýrrar orkutækni sem og til stuðnings orkuúttektum, eins og þær hafa verið tilkynntar, ekki framkvæmd EES-samningsins.

Samkvæmt 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er meginreglan sú að Eftirlitsstofnun EFTA fyrirskipar viðkomandi EFTA-ríki að endurheimta aðstoð frá þiggjanda hennar þegar um er að ræða ólöglega aðstoð ef niðurstaðan er sú að hún sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

⁽⁷³⁾ Mál C-72/92 *Firma Herbert Scharbatke GmbH* gegn *Sambandslýðveldinu Þýskalandi* [1993], dómásafn I-5509, þar sem vísað er í 95. gr. EB-sáttmálans, nú 90. gr. Ákvæði 14. gr. EES-samningsins eru samhljóða 90. gr. EB-sáttmálans.

⁽⁷⁴⁾ Mál C-266/91 *Celulose Beira Industrial SA* gegn *Fazenda Pública* [1993], dómásafn I-4337.

⁽⁷⁵⁾ Mál C-78/90 til C-83/90 *Compagnie Commerciale de l'Ouest o.fl.* [1992], dómásafn I-1847.

⁽⁷⁶⁾ Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna heimilaði svipaða tilhögun í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 707/2002, sjá 41. nmgr.

⁽⁷⁷⁾ Sjá athugasemdir í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 707/2002, 41. nmgr. hér á undan og N 533/01 – Írland, aðstoð til að efla endurnýjanlega orkugjafa á Írlandi.

Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar að engar almennar meginreglur komi í veg fyrir endurgreiðslu í málinu sem hér um ræðir. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd er afnám ólöglegar aðstoðar með því að endurheimta hana rökrétt afleiðing þeirrar niðurstöðu að hún sé ólögleg. Þar af leiðandi er, að meginreglu til, ekki hægt að líta á endurheimt ólöglegar aðstoðar, í þeim tilgangi að koma aftur á fyrri stöðu, sem ósamrýmanlega markmiðum EES-samningsins þegar um er að ræða ríkisaðstoð. Með því að endurgreiða aðstoðina missir þiggjandi hennar þann ávinning sem hann hafði umfram keppinauta sína á markaðinum og stöðunni komið aftur á eins og hún var fyrir greiðslu aðstoðarinnar ⁽⁷⁸⁾. Það leiðir einnig af þessu hlutverki endurgreiðslu á aðstoð að Eftirlitsstofnun EFTA fer að jafnaði ekki út fyrir valdsvið sitt, eins og það er viðurkennt með dómaframkvæmd dómstólsins, fari hún þess á leit að viðkomandi EFTA-ríki endurheimti fjárhæðir sem greiddar voru út sem ólögleg aðstoð, nema í sérstökum undantekningartilvikum, enda er aðeins verið að koma aftur á fyrri stöðu ⁽⁷⁹⁾. Ennfremur, í ljósi þess að eftirlit Eftirlitsstofnunar EFTA með ríkisaðstoð er lögskylt samkvæmt bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, geta fyrirtæki, sem fengið hafa aðstoð, í meginatriðum ekki haft lögmætar væntingar um að aðstoðin sé lögleg nema hún hafi verið veitt í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í þeirri bókun ⁽⁸⁰⁾. Í þessu máli eru engin undantekningartilvik sýnileg sem gætu hafa leitt til lögmætra væntinga hjá styrkþegum.

Endurgreiðsla skal fara fram með vaxtavöxtum í samræmi við 2. mgr. 14. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og 9. og 11. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004.

Eftirlitsstofnun EFTA vill einnig benda á að krafan um endurgreiðslu í þessari ákvörðun varðar ekki það að hve miklu leyti einstakir styrkir, sem veittir voru samkvæmt ofangreindum fjórum ráðstöfunum, fela í sér ríkisaðstoð, eða hvort þeir teljast að öllu leyti eða að hluta til samrýmast starfsemi EES-samningsins á eigin grundvelli eða á grundvelli síðari ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA eða reglugerða um hópundanþágur.

Ef einstakir styrkir, sem veittir voru samkvæmt ofangreindum fjórum ráðstöfunum, eins og þeir voru tilkynntir með bréfi frá 5. júní 2003, fullnægja nú þegar skilyrðunum sem Eftirlitsstofnun EFTA setur vegna tilkynnta stuðningsráðstafa í þessari ákvörðun (sjá 4. gr. hér á eftir), samrýmast þeir framkvæmd EES-samningsins og falla þá ekki undir kröfuna um endurgreiðslu.

5. Kvöð um ársskýrslu – Leiðbeiningar Orkusjóðs

Stjórnvöld í Noregi skulu senda Eftirlitsstofnun EFTA ársskýrslur í samræmi við 1. mgr. 21. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og 1. mgr. 5. gr. ásamt með III. viðauka við málsmeðferðarákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004.

Stjórnvöld í Noregi skulu ennfremur veita frekari upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 5. gr. málsmeðferðarákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um hvert og eitt þeirra fimm stærstu verkefna sem hafa fengið:

- a) fjárfestingarstyrk til framleiðslu með endurnýjanlegri orku,
- b) fjárfestingarstyrk á sviði orkusparnaðar,
- c) styrk vegna nýrrar orkutækni, og
- d) styrk vegna orkuúttekta.

Í skýrslunni skal einkum koma fram tilsvarendi útreikningur á hreinu núvirði og sýnt skal fram á hvernig markaðsverð orkunnar hefur verið ákvarðað. Að auki skal leggja fram skrá yfir fjárfestingarkostnað verkefnanna.

Svo fremi um sé að ræða styrki vegna lífmassa skal skýrslan einnig taka til upplýsinga sem sýna fram á að samanlagður kostnaður fyrirtækjanna eftir afskriftir á verunum sé hærri en markaðsverð orkunnar.

⁽⁷⁸⁾ Mál C-350/93, *Framkvæmdastjórnin gegn Ítalska ríkinu* [1995], dómasafn I-699, 22. mgr.

⁽⁷⁹⁾ Mál C-75/97, *Belgíska ríkið gegn framkvæmdastjórninni* [1999], dómasafn I-3671, 66. mgr. og mál C-310/99 *Ítalska ríkið gegn framkvæmdastjórninni* [2002], dómasafn I-2289, 99. mgr.

⁽⁸⁰⁾ Mál C-169/95, *Spænska ríkið gegn framkvæmdastjórninni* [1997], dómasafn I-135, 51. mgr.

Leiðbeiningar um stuðning frá Enova/Orkusjóði

Eftirlitsstofnun EFTA telur ennfremur að skilyrðin, sem stofnunin setur í þessari ákvörðun, skuli koma fram í handbók Enova/Orkusjóðs, þar sem kveðið er á um reglur um styrkveitingar eða með öðrum viðeigandi hætti í leiðbeiningum um beitingu stuðningsráðstafananna. Eintak af þessum leiðbeiningum skal afhent Eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en sex mánuðum eftir samþykkt þessarar ákvörðunar.

ÁKVÖRÐUNIN HLJÓÐAR SVO:

1. gr.

Eftirfarandi ráðstafanir Orkusjóðs, eins og stjórnvöld í Noregi tilkynntu þær með bréfi dags. 5. júní 2003 (skjalnr. 03-3705-A, skráð undir máli SAM 030.03006), fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins:

- a) fjárfestingarstyrkur til framleiðslu með endurnýjanlegri orku,
- b) fjárfestingarstyrkur vegna orkusparnaðarráðstafana,
- c) fjárfestingarstyrkur til nýrrar orkutækni,
- d) styrkur til orkuúttekta, og
- e) styrkur vegna kennsluefnis og fræðslu frá 1. janúar 2002 til 31. desember 2003.

2. gr.

- a) Rafræna svarþjónustan og vettvangsheimsóknir, sem eru liðir í kerfi Orkusjóðs, eins og það var tilkynnt með bréfi dags. 5. júní 2003 (skjalnr. 03-3705-A), teljast ekki fela í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- b) Áætlunin um orkunýtni í sveitarfélögum telst ekki fela í sér ríkisaðstoð, enda takmarkist styrkurinn við starfsemi opinberra stofnana í sveitarfélaginu.

3. gr.

Ráðstöfunin, sem um getur í staflið e) í 1. gr., samrýmist framkvæmd EES-samningsins.

4. gr.

Aðgerðir vegna fjárfestingarstyrkja til framleiðslu með endurnýjanlegri orku, orkusparnaðar, nýrrar orkutækni og orkuúttekta samrýmast framkvæmd EES-samningsins í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, með fyrirvara um skilyrðin sem sett eru í þessari grein.

- a) Fjárfestingarstyrkur til framleiðslu með endurnýjanlegri orku

Aðstoðin verður í heild að fullnægja viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1.–12. mgr. í undirkafla I.9.1 til þess að vera í samræmi við 54. mgr. í undirkafla D.3.3.1 í umhverfisverndarleiðbeiningunum.

- b) Fjárfestingarstyrkur til orkusparnaðar

Aðstoðin verður í heild að fullnægja viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 1.–5. mgr. í undirkafla I.9.2. til þess að vera í samræmi við 25. mgr. í undirkafla D.1.3, 30. og 31. mgr. í undirkafla D.1.6. og 32. mgr. í undirkafla D.1.7 í umhverfisverndarleiðbeiningunum.

- c) Styrkir til nýrrar orkutækni

Hægt er að veita aðstoð til styrktar nýrri orkutækni í samræmi við viðmiðin, sem sett eru fram í staflið a), svo fremi að um sé að ræða tækni sem hefur í för með sér fjárfestingarstyrk til að framleiða með endurnýjanlegri orku og í staflið b) svo fremi að styrkurinn til nýrrar orkutækni tengist fjárfestingu í orkusparnaði.

- d) Styrkir til orkuúttekta/orkugreininga

Aðstoð vegna orkuúttekta verður að tengjast beint fjárfestingu er varðar orkusparnað og má ekki fara yfir 40 % af styrkhæfum kostnaði með möguleikanum á 10 prósentustigum til viðbótar fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Styrkhæfum kostnaði er lýst í 35. nmgr. í undirkafla I.9.1.

Styrkir, sem veittir eru til orkuúttekta sem tengjast ekki fjárfestingum á sviði orkusparnaðar og varða t.d. hegðunar- eða kerfisbreytingar, geta eingöngu fengið styrk með skilyrðunum sem kveðið er á um í 36. mgr. í undirkafla D.2 í umhverfisverndarleiðbeiningunum túlkuðum í ljósi gerðarinnar sem vísað er til í lið 1e í XV. viðauka við EES-samninginn.

5. gr.

- a) Stjórnvöld í Noregi skulu senda Eftirlitsstofnun EFTA ársskýrslur í samræmi við 1. mgr. 21. gr. II. hluta bóknar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og 1. mgr. 5. gr. sem túlkuð er í ljósi III. viðauka við málsmeðferðarákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004.
- b) Stjórnvöld í Noregi skulu ennfremur veita frekari upplýsingar í samræmi við 2. mgr. 5. gr. málsmeðferðarákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um hvert og eitt þeirra fimm stærstu verkefna sem hafa fengið:
 - 1) fjárfestingarstyrk til framleiðslu með endurnýjanlegri orku,
 - 2) fjárfestingarstyrk á sviði orkusparnaðar,
 - 3) styrk vegna nýrrar orkutækni, og
 - 4) styrk vegna orkuúttekta.

Í skýrslunni skulu einkum koma fram upplýsingar um útreikning á hreinu núvirði, að meðtöldum afvöxtunarsuðlinum sem Orkusjóður notar, og sýnt fram á hvernig markaðsverð þessarar orku hefur verið ákvarðað. Að auki skal leggja fram skrá yfir fjárfestingarkostnað vegna verkefnanna sem um getur í staflið b).

Ef styrkir eru veittir til lífmassaverkefna skal einnig leggja fram upplýsingar sem sýna að samanlagður kostnaður fyrirtækjanna sé hærri en markaðsverð orkunnar eftir afskriftir á orkuverunum.

- c) Ennfremur skulu stjórnvöld í Noregi senda Eftirlitsstofnun EFTA nýja útgáfu af leiðbeiningunum um styrkveitingar úr Orkusjóði innan sex mánaða frá samþykkt þessarar ákvörðunar.

6. gr.

- a) Ráðstafanirnar, sem um getur í staflið a) til d) í 1. gr. og tilkynntar voru með bréfi dags. 5. júní 2003 (skjalnr. 03-3705-A), samrýmast ekki framkvæmd EES-samningsins.
- b) Einstakir styrkir, veittir á grundvelli ofangreindra ráðstafana, sem fullnægja nú þegar viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 4. gr., samrýmast framkvæmd EES-samningsins.

7. gr.

Stjórnvöld í Noregi skulu þegar í stað fella úr gildi ráðstafanirnar sem um getur í staflið a) í 6. gr., hafi það ekki þegar verið gert, og taka í stað þeirra upp ráðstafanir sem fullnægja skilyrðunum í 4. gr.

8. gr.

Stjórnvöld í Noregi skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að endurheimta frá styrkþegum aðstoð sem um getur í staflið a) í 6. gr. og þeir hafa fengið greidda á ólögætum forsendum, að frádraginni hvers kyns endurgreiðslu sem þegar hefur farið fram.

Endurheimtin skal fara fram án tafar og samkvæmt ákvæðum landslaga, að því tilskildu að þau heimili tafarlausa og skilvirka framkvæmd þessarar ákvörðunar. Aðstoðin, sem ber að Endurheimta skal veitta aðstoð auk vaxta og vaxtavaxta frá þeim degi sem styrkþegi fékk hana til umráða til þess dags að hún er endurheimt. Vextir skulu reiknaðir samkvæmt 9. og 11. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL.

9. gr.

Stjórnvöld í Noregi skulu tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA innan tveggja mánaða frá tilkynningu þessarar ákvörðunar þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að fara að henni.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Konungsríkisins Noregs.

11. gr.

Eingöngu ensk útgáfa ákvörðunar þessarar telst fullgild.

Gjört í Brussel 3. maí 2006

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA,

Bjørn T. Grydeland
forseti

Kurt Jäger
stjórnarmaður

**Auglýsing stjórnvalda í Noregi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/EES/43/02
94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að,
rannsaka og vinna kolvatnsefni**

*Auglýst eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu – Úthlutun leyfa á
fyrirframskilgreindum svæðum árið 2008*

Norska olíu- og orkumálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu í samræmi við a-lið 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni.

Umsóknir um olíuvinnsluleyfi skulu berast á eftirfarandi pósthöfund:

Olje- og energidepartementet
Postboks 8148 Dep.
N-0033 Oslo
NORWAY

eigi síðar en 3. október 2008.

Fyrirhugað er að leyfum til olíuvinnslu á fyrirframskilgreindum svæðum á norska landgrunninu árið 2008 verði úthlutað fyrir lok ársins 2008 eða í upphafi ársins 2009.

Nánari upplýsingar, m.a. nákvæm kort af lausum svæðum, er að finna á vefsíðunni www.npd.no/apa2008 og upplýsingar eru einnig veittar í olíu- og orkumálaráðuneytinu í síma + 47 22 24 62 09.

**Auglýsing stjórnvalda í Noregi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/EES/43/03
94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að,
rannsaka og vinna kolvatnsefni**

*Auglýst eftir umsóknum um leyfi til olíuvinnslu á norska landgrunninu –
20. leyfisúthlutunarlotu*

